6.	EMADI, Hamid Reza (aka: Hamidreza Emadi)	Date of Birth: appr. 1973 Place of Birth: Hamedan Place of residence: Tehran Place of work: Press TV HQ, Tehran	Press TV Newsroom Director. Responsible for producing and broadcasting the forced confessions of detainees, including journalists, political activists, persons belonging to Kurdish and Arab minorities, violating internationally recognised rights to a fair trial and due process. Independent broadcast regulator OFCOM fined Press TV in the UK GBP 100,000 for broadcasting the forced confession of Iranian-Canadian journalist and filmmaker Maziar Bahari in 2011, which was filmed in prison whilst Bahari was under duress. NGOs have reported further instances of forced televised confessions by Press TV. Emadi is therefore associated with violating the right to due process and fair trial.	12.3.2013
7.	HAMLBAR, Rahim		Judge of Branch 1 of Tabriz Revolutionary Court. Responsible for heavy sentences against journalists and Azeri ethnic minority and workers' rights activists, accusing them of spying, acts against national security, propaganda against the Iranian regime and insulting the leader of Iran. His judgments reportedly did not follow due process on many occasions and detainees were forced into false confessions. A high profile case involved 20 volunteer earthquake relief workers (following an earthquake in Iran in August 2012) to whom he gave prison sentences for their attempts to assist earthquake victims. The court found the workers guilty of "collaboration in assembly and collusion to commit crimes against national security."	12.3.2013
8.	MUSAVI- TABAR, Seyyed Reza		Head of the Revolutionary Prosecution of Shiraz. Responsible for illegal arrests and ill treatment of political activists, journalists, human rights defenders, Baha'is and prisoners of conscience, who were harassed, tortured, interrogated and denied access to lawyers and due process. NGOs reported that Musavi-Tabar signed judicial orders in the notorious No 100	12.3.2013

9.	KHORAMABAD I, Abdolsamad	Head of "Commission to Determine the Instances of Criminal Content".	<p>Detention Centre (a male prison), including an order to detain female Baha'i prisoner Raha Sabet for three years in solitary confinement.</p> <p>Abdolsamad Khoramabadi is Head of the "Commission to Determine the Instances of Criminal Content", a governmental organization in charge of online censorship and cyber crime. Under his leadership the Commission defined "cybercrime" by a number of vague categories that criminalize creation and publication of content deemed inappropriate by the regime. He is responsible for repression and the blocking of numerous opposition sites, electronic newspapers, blogs, sites of human rights NGOs and of Google and Gmail since September 2012. He and the Commission actively contributed to the death in detention of the blogger Sattar Beheshti in November 2012. Thus the Commission he is heading is directly responsible for systemic violations of human rights, in particular by banning and filtering websites to the general public, and occasionally disabling Internet access altogether.</p>	12.3.2013
----	--------------------------	--	--	-----------

Entities

	Name	Identifying information	Reasons	Date of listing
1.	Center to Investigate Organized Crime (aka: Cyber Crime Office or Cyber Police)	<p>Location: Tehran, Iran</p> <p>Website: http://www.cyberpolice.ir</p>	<p>The Iranian Cyber Police is a unit of the Islamic Republic of Iran Police, founded in January 2011, which is headed by Esmail Ahmadi-Moqaddam (listed). According to press reports police chief Ahmadi-Moqaddam underlined that the Cyber Police would take on anti-revolutionary and dissident groups who used Internet-based social networks in 2009 to trigger protests against the re-election of President Mahmoud Ahmadinejad.</p> <p>In January 2012, the Cyber Police issued new guidelines for Internet cafés, requiring users to provide personal information that would be kept by café owners for six months, as well as a record of the websites they visited. The rules also require café owners to install closed-circuit television cameras and maintain the recordings for six months. These new rules may create a logbook that authorities can use to track down activists or whomever is deemed a threat to national security.</p> <p>In June 2012, Iranian media reported that</p>	12.3.2013

		<p>the Cyber Police would be launching a crack down on virtual private networks (VPNs).</p> <p>On October 30, 2012, the Cyber Police arrested the blogger Sattar Beheshti (reportedly without a warrant) for "actions against national security on social networks and Facebook." Beheshti had criticized the Iranian government in his blog. Beheshti was found dead in his prison cell on November 3, and is believed to have been tortured to death by the Cyber Police authorities.</p>	
--	--	---	--

Fylgiskjal 6.

**Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 1002/2011
frá 10. október 2011
um framkvæmd 1. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 359/2011
um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum
með tilliti til ástandsins í Íran.**

Þeim einstaklingum sem eru skráðir í viðauka skal bætt við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 359/2011 frá 12. apríl 2011, sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð um þvingunaraðgerðir sem varða Búrma/Mýanmar, Egyptaland, Gíneu, Íran, Líbýu og Sýrland nr. 870/2011 (efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við framkvæmdarákvörðun ráðsins 2011/670/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 2.

Fylgiskjal 7.

**Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 264/2012
frá 23. mars 2012
um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 359/2011 um þvingunaraðgerðir
gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran.**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran ⁽¹⁾, einkum 2. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá talsmanni sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 961/2010 frá 25. október 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran (2) er bönnuð sala, afhending, tilfærsla, eða útflutningur frá Evrópusambandinu til Írans á búnaði sem unnt er að nota til bælingar innanlands.
- 2) Þær ráðstafanir sem samþykktar voru í ákvörðun (ESB) 962/2010 endurspeglar áhyggjur ráðsins vegna eðlis kjarnorkuáætlunar Írans, en þær ráðstafanir sem samþykktar voru í reglugerð (ESB) 359/2011 (3) endurspeglar áhyggjur ráðsins vegna versnandi ástands í mannréttindamálum í Íran.
- 3) Bannið við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi búnaðar, sem unnt er að nota til bælingar innanlands, er aðgerð sem fyrst og fremst er gripið til með hliðsjón af áhyggjum ráðsins af versnandi ástandi í mannréttindamálum í Íran, og ber að fella það, sem slíkt, inn í reglugerð (ESB) nr. 359/2011. Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 359/2011 til samræmis við það.
- 4) Jafnframt kemur ný, samstæð reglugerð, þar sem ekki er að finna fyrrgreindar aðgerðir til að koma í veg fyrir bælingu innanlands, í stað reglugerðar (ESB) nr. 961/2010.
- 5) Með tilliti til alvarlegrar stöðu í mannréttindamálum í Íran er kveðið á um viðbótaraðgerðir í ákvörðun 2012/168/SSUÖ frá 23. mars 2012 um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Íran (4), nánar tiltekið, bann við útflutningi á vöktunarbúnaði fyrir fjarskipti til afnota fyrir írönsku stjórnina.
- 6) Þessi aðgerð fellur undir gildissvið sáttmálans og því er, til að tryggja að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti henni með sama hætti, nauðsyn á stjórnvaldsaðgerð á vettvangi Evrópusambandsins til að hrinda henni í framkvæmd.
- 7) Með tilliti til alvarlegrar stöðu í mannréttindamálum í Íran og í samræmi við ákvörðun 2011/235/SSUÖ ber að bæta fleiri aðilum í skrána yfir einstaklinga og lögaðila, rekstraraðila og stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 359/2011.
- 8) Einnig ber að uppfæra II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 359/2011, þar sem skráð eru lögbær stjórnvöld sem hafa sérstöku hlutverki að gegna í tengslum við innleiðingu þeirrar reglugerðar, á grundvelli nýjustu upplýsinga, sem aðildarríkin leggja fram, að því er varðar auðkenningu á lögbærum stjórnvöldum.
- 9) Reglugerð þessi verður að öðlast gildi sama dag og hún er birt til að tryggja sé að þær aðgerðir, sem hún kveður á um, skili árangri.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (ESB) nr. 359/2011:

- 1) Eftirfarandi greinar bætist við:

„1. gr. a

Lagt er bann við því:

- a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út til einstaklings, rekstrareiningar eða stofnunar í Íran, eða til notkunar í Íran, með beinum eða óbeinum hætti, búnað sem unnt væri að nota til bælingar innanlands, eins og skráð er í III. viðauka, hvort sem framangreint er upprunið í Evrópusambandinu eða ekki,

- b) að veita einstaklingi, rekstrareiningu eða stofnun í Íran, eða til notkunar í Íran, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist búnaði, sem unnt væri að nota til bælingar innanlands, eins og skráð er í III. viðauka,
- c) að láta í té einstaklingum, rekstrareiningum eða stofnunum í Íran eða til notkunar í Íran, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð vegna búnaðar sem unnt væri að nota til bælingar innanlands, eins og skráð er í III. viðauka, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða vegna tengdrar tæknilegrar aðstoðar,
- d) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönn er um getur í a-, b- og c-lið, eru sniðgengin.

1. gr. b

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á tækjabúnaði, tækniþekkingu eða hugbúnaði sem tilgreindur er í IV. viðauka, hvort sem framangreint á uppruna í Evrópusambandinu eða ekki, til einstaklings, rekstrareiningar eða stofnunar í Íran eða til notkunar í Íran, nema lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis, eins og það er auðkennt á vefsetrunum, sem um getur í II. viðauka, hafi fengið fyrirframleyfi.

2. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, eins og þau eru auðkennd á vefsetrunum, sem um getur í II. viðauka, skulu ekki veita leyfi skv. 1. mgr. ef þau hafa gilda ástæðu til að ætla að ríkisstjórn Írans, opinberar stofnanir, fyrirtæki og skrifstofur eða einhverjir aðilar eða rekstrareiningar, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt þeirra fyrirmælum, noti tækjabúnaðinn, tækniþekkinguna eða hugbúnaðinn, sem um ræðir, til vöktunar eða hlerunar á Netinu eða fjarskiptum í Íran.

3. Í IV. viðauka skal m.a. vera tækniþúnaður, tækniþekking eða hugbúnaður sem unnt er að nota til vöktunar á eða hlerunar á Netinu eða fjarskiptum.

4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá leyfisveitingu.

„1. gr. c

1. Lagt er bann við því:

- a) að veita, beint eða óbeint, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist tækjabúnaði, tækniþekkingu eða hugbúnaði, sem talin er upp í IV. viðauka, eða í tengslum við veitingu, framleiðslu, viðhald og notkun tækjabúnaðar og tækniþekkingar, sem tilgreind er í IV. viðauka, eða veitingu, uppsetningu, rekstri eða uppfærslu hvers kyns hugbúnaðar, sem tilgreindur er í IV. viðauka, í þágu einstaklinga, rekstrareininga eða stofnana í Íran, eða til notkunar í Íran,
- b) að láta aðila, rekstrareiningu eða stofnun í Íran, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, í té fjármagn eða fjárhagsaðstoð viðvikjandi þeim tækjabúnaði og tækniþekkingu er um getur í IV. viðauka,
- c) að veita hvers kyns þjónustu vegna fjarskipta- eða netvöktunar eða hlerunar beint eða óbeint í þágu ríkisstjórnar Írans, opinberra stofnana, fyrirtækja og skrifstofa eða aðila eða rekstrareiningar, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra og
- d) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í hvers kyns starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönn, er um getur í a-, b- og c-lið hér að framan, eru sniðgengin,

nema lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis, eins og það er tilgreint á vefsetrunum, sem um getur í II. viðauka, hafi veitt fyrirframleyfi á grundvelli 2. mgr. 1. gr. b.

2. Að því er varðar c-lið 1. mgr. merkir „þjónusta vegna fjarskipta- eða netvöktunar eða hlerunar“ þjónustu sem einkum felst í notkun tækjabúnaðar, tækniþekkingar eða hugbúnaðar, eins og tilgreint er í IV. viðauka, og veitir aðgang að eða afhendir fjarskiptaboð til eða frá viðfangi og gögn í tengslum við símtöl í því skyni að draga fram, afkóða, hljóðrita, vinna úr, greina og geyma efnið, eða hvers kyns önnur starfsemi því tengd.“

2) Þeir einstaklingar, sem skráðir eru í I. viðauka við reglugerð þessa, er bætt við skrána í I. viðauka.

3) Texti II. viðauka við reglugerð þessa bætist við sem III. viðauki.

4) Texti III. viðauka við reglugerð þessa bætist við sem IV. viðauki.

5) Í stað II. viðauka komi IV. viðauki við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann dag þegar hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2012.

Fyrir hönd ráðsins,
C. ASHTON
forseti.

- ⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.
- ⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 281, 27.10.2010, bls. 1.
- ⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 1.
- ⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 87, 24.3.2012, bls. 85.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga sem um getur í 2. tölul. 1. gr.

Skráin er ekki birt hér en þess í stað vísast í viðauka við ákvörðun ráðsins 2012/168/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 3.

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi texti verður III. viðauki við reglugerð (ESB) nr. 359/2011, frá 12. apríl 2011, sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð um þvingunaraðgerðir sem varða Búrma/Mýanmar, Egyptaland, Gíneu, Íran, Líbýu og Sýrland nr. 870/2011:

„III. VIÐAUKI

Skrá yfir tækjabúnað sem unnt er að nota til bælingar innanlands og um getur í 1. gr. a.

1. Fire-arms, ammunition and related accessories therefor, as follows:
 - 1.1 Firearms not controlled by ML 1 and ML 2 of the Common Military List;
 - 1.2 Ammunition specially designed for the firearms listed in item 1.1 and specially designed components therefor;
 - 1.3 Weapon-sights not controlled by the Common Military List.
2. Bombs and grenades not controlled by the Common Military List.
3. Vehicles as follows:
 - 3.1 Vehicles equipped with a water cannon, specially designed or modified for the purpose of riot control;
 - 3.2 Vehicles specially designed or modified to be electrified to repel borders;
 - 3.3 Vehicles specially designed or modified to remove barricades, including construction equipment with ballistic protection;
 - 3.4 Vehicles specially designed for the transport or transfer of prisoners and/or detainees;
 - 3.5 Vehicles specially designed to deploy mobile barriers;
 - 3.6 Components for the vehicles specified in items 3.1 to 3.5 specially designed for the purposes of riot control.

Note 1 This item does not control vehicles specially designed for the purposes of fire-fighting.

Note 2 For the purposes of item 3.5 the term "vehicles" includes trailers.
4. Explosive substances and related equipment as follows:
 - 4.1 Equipment and devices specially designed to initiate explosions by electrical or non-electrical means, including firing sets, detonators, igniters, boosters and detonating cord, and specially designed components therefor; except those specially designed for a specific commercial use consisting of the actuation or operation by explosive means of other equipment or devices the function of which is not the creation of explosions (e.g., car air-bag inflaters, electric-surge arresters of fire sprinkler actuators);
 - 4.2 Linear cutting explosive charges not controlled by the Common Military List;

- 4.3 Other explosives not controlled by the Common Military List and related substances as follows:
- a. amatol;
 - b. nitrocellulose (containing more than 12,5 % nitrogen);
 - c. nitroglycol;
 - d. pentaerythritol tetranitrate (PETN);
 - e. picryl chloride;
 - f. 2,4,6-trinitrotoluene (TNT).
5. Protective equipment not controlled by ML 13 of the Common Military List as follows:
- 5.1 Body armour providing ballistic and/or stabbing protection;
 - 5.2 Helmets providing ballistic and/or fragmentation protection, anti-riot helmets, antiriot shields and ballistic shields.
- Note: This item does not control:*
- equipment specially designed for sports activities;
 - equipment specially designed for safety of work requirements.
6. Simulators, other than those controlled by ML 14 of the Common Military List, for training in the use of firearms, and specially designed software therefor.
7. Night vision, thermal imaging equipment and image intensifier tubes, other than those controlled by the Common Military List.
8. Razor barbed wire.
9. Military knives, combat knives and bayonets with blade lengths in excess of 10 cm.
10. Production equipment specially designed for the items specified in this list.
11. Specific technology for the development, production or use of the items specified in this list."

III. VIÐAUKI

Eftirfarandi texti verður IV. viðauki við reglugerð (ESB) nr. 359/2011, frá 12. apríl 2011, sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð um þvingunaraðgerðir sem varða Búrma/Mýanmar, Egyptaland, Gíneu, Íran, Líbýu og Sýrland nr. 870/2011:

„IV. VIÐAUKI

Tækjabúnaður, tækniþekking og hugbúnaður sem um getur í 1. gr. b og 1. gr. c.

General Note

Notwithstanding the contents of this Annex, it shall not apply to:

- (a) equipment, technology or software which are specified in Annex I to Council Regulation (EC) 428/2009 (1) or the Common Military List; or
- (b) software which is designed for installation by the user without further substantial support by the supplier and which is generally available to the public by being sold from stock at retail selling points, without restriction, by means of:
 - (i) over the counter transactions;
 - (ii) mail order transactions;
 - (iii) electronic transactions; or
 - (iv) telephone order transactions; or
- (c) software which is in the public domain.

The categories A, B, C, D and E refer to the categories referred to in Regulation (EC) No 428/2009.

The "equipment, technology and software" referred to in Article 1b is:

A. List of equipment

- Deep Packet Inspection equipment
- Network Interception equipment including Interception Management Equipment (IMS) and Data Retention Link Intelligence equipment
- Radio Frequency monitoring equipment
- Network and Satellite jamming equipment
- Remote Infection equipment
- Speaker recognition/processing equipment
- IMSI (2), MSISDN (3), IMEI (4), TMSI (5) interception and monitoring equipment
- Tactical SMS (6) /GSM (7) /GPS (8) /GPRS (9) /UMTS (10) /CDMA (11) /PSTN (12) interception and monitoring equipment
- DHCP (13) /SMTP (14), GTP (15) information interception and monitoring equipment
- Pattern Recognition and Pattern Profiling equipment
- Remote Forensics equipment
- Semantic Processing Engine equipment
- WEP and WPA code breaking equipment
- Interception equipment for VoIP proprietary and standard protocol

B. Not used

C. Not used

D. "Software" for the "development", "production" or "use" of the equipment specified in A above.

E. "Technology" for the "development", "production" or "use" of the equipment specified in A above.

Equipment, technology and software falling within these categories is within the scope of this Annex only to the extent that it falls within the general description "internet, telephone and satellite communications interception and monitoring systems".

For the purpose of this Annex "monitoring" means acquisition, extraction, decoding, recording, processing, analysis and archiving call content or network data.

- (1) Council Regulation (EC) No 428/2009 of 5 May 2009 setting up a Community regime for the control of exports, transfer, brokering and transit of dual-use items (OJ L 134, 29.5.2009, p. 1).
- (2) IMSI stands for International Mobile Subscriber Identity. It is a unique identification code for each mobile telephony device, integrated in the SIM card and which allows identification of such SIM via GSM and UMTS networks.
- (3) MSISDN stands for Mobile Subscriber Integrated Services Digital Network Number. It is a number uniquely identifying a subscription in a GSM or a UMTS mobile network. Simply put, it is the telephone number to the SIM card in a mobile phone and therefore it identifies a mobile subscriber as well as IMSI, but to route calls through him.
- (4) IMEI stands for International Mobile Equipment Identity. It is a number, usually unique to identify GSM, WCDMA and IDEN mobile phones as well as some satellite phones. It is usually found printed inside the battery compartment of the phone. interception (wiretapping) can be specified by its IMEI number as well as IMSI and MSISDN.
- (5) TMSI stands for Temporary Mobile Subscriber Identity. It is the identity that is most commonly sent between the mobile and the network.
- (6) SMS stands for Short Message System.
- (7) GSM stands for Global System for Mobile Communications.
- (8) GPS stands for Global Positioning System.
- (9) GPRS stands for General Package Radio Service.
- (10) UMTS stands for Universal Mobile Telecommunication System.
- (11) CDMA stands for Code Division Multiple Access.
- (12) PSTN stands for Public Switch Telephone Networks.
- (13) DHCP stands for Dynamic Host Configuration Protocol.
- (14) SMTP stands for Simple Mail Transfer Protocol.
- (15) GTP stands for GPRS Tunnelling Protocol."

IV. VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Íran.

Fylgiskjal 8.

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1245/2012
frá 20. desember 2012
um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 359/2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2011/235/SSUÖ frá 12. apríl 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum með tilliti til ástandsins í Íran ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta talsmanni sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sem svar við afturför í mannréttindamálum í Íran ákvað ráðið, hinn 12. apríl 2011, með reglugerð (ESB) nr. 359/2011 ⁽²⁾, tiltekna þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í samræmi við ákvörðun 2011/235/SSUÖ.
- 2) Hinn 20. desember samþykkti ráðið ákvörðun 2012/810/SSUÖ ⁽³⁾ um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ að því er varðar gildissvið þeirra aðgerða sem tengjast tækjabúnaði sem nota mætti til bælingar innanlands.
- 3) Fyrirnefndar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 359/2011 til samræmis við það.
- 5) Reglugerð þessi öðlast gildi tafarlaust.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 359/2011:

- 1) Núverandi málsgrein verður 1. málsgrein,
- 2) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. lista í II. viðauka, heimilað, eftir þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning tækjabúnaðar, sem nota mætti til bælingar innanlands, sbr. lista í III. viðauka, að því tilskildu að hann sé einungis til verndar starfslíði Evrópusambandsins og aðildarríkja þess í Íran, eða heimilað veitingu tækniástoðar eða miðlunarþjónustu eða fjármagns eða fjárhagsástoðar sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. og tengist fyrirnefndum tækniúnaði.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann dag sem hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2012.

Fyrir hönd ráðsins,
E. FLOURENTZOU
forseti.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 51.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 352, 21.12.2012, bls. 49.

Fylgiskjal 9.**Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 206/2013****frá 11. mars 2013****um framkvæmd 1. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 359/2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum með tilliti til ástandsins í Íran.**

Þeim einstaklingum og þeirri rekstrareiningu sem skráð eru í viðauka skal bætt við listann sem fram kemur í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 359/2011, frá 12. apríl 2011, sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð um þvingunaraðgerðir sem varða Búrma/Mýanmar, Egyptaland, Gíneu, Íran, Líbýu og Sýrland nr. 870/2011 (efnisútdráttur):

VIÐAUKI

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við ákvörðun ráðsins 2013/124/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 5.

Fylgiskjal 10.**Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ****frá 26. júlí 2010****um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 27. febrúar 2007 samþykkti ráð Evrópusambandsins sameiginlega afstöðu 2007/140/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran ⁽¹⁾ til framkvæmdar ályktun öryggisráðs SP nr. 1737 (2006).
- 2) Hinn 23. apríl 2007 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2007/246/SSUÖ ⁽²⁾ til framkvæmdar ályktun öryggisráðs SP nr. 1747 (2007).
- 3) Hinn 7. ágúst 2008 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2008/652/SSUÖ ⁽³⁾ til framkvæmdar ályktun öryggisráðs SP nr. 1803 (2008).
- 4) Hinn 9. júní 2010 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna („öryggisráðið“) ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) til útvíkkunar gildissviðs þeirra þvingunaraðgerða sem álagðar voru með ályktunum öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007) og nr. 1803 (2008) og innleiddi jafnframt viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íran.
- 5) Hinn 17. júní 2010 lagði leiðtogaráðið áherslu á vaxandi áhyggjur þess af kjarnáætlun Írans og fagnaði samþykkt ályktunar öryggisráðs SP nr. 1929 (2010). Leiðtogaráðið, með vísan til yfirlýsingar sinnar frá 11. desember 2009, hvatti ráðið til þess að samþykkja aðgerðir til framkvæmdar þeim aðgerðum sem um getur í ályktun öryggisráðs SP nr. 929 (2010), ásamt hliðaraðgerðum, í því skyni að stuðla, með samningum, að því að eyða öllum áhyggjum sem uppi eru um þróun Írana á tækni sem má misnota til að styðja við kjarn- og flugskeytaáætlanir þeirra. Fyrirnefndar aðgerðir ættu að beinast að verslunarviðskiptum, fjármálageiranum, íranska flutningageiranum, lykilgeirum innan olíu- og gasiðnaðarins og að frekari tilgreiningum, einkum að því er Íranska byltingarvörðinn (IRGC) varðar.
- 6) Samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) er Íran, ríkisborgurum þess og rekstrareiningum, sem hafa réttarstöðu lögaðila í Íran eða sem lögsaga Írans nær til, eða einstaklingum eða rekstrareiningum, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða fara fram eftir leiðbeiningum þeirra, eða rekstrareiningum, sem eru í eigu eða lúta stjórn fyrirnefndra aðila, bannað að fjárfesta í hvaða viðskiptastarfsemi sem er, þar sem námugróftur úrans eða framleiðsla eða notkun kjarnefna eða -tækni kemur við sögu.
- 7) Með ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) eru takmarkanir á sviði fjármála og ferðalaga, álagðar með ályktun öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), rýmkaðar til þess að þær nái til fleiri einstaklinga og rekstrareininga til viðbótar, m.a. einstaklinga og rekstrareininga á vegum IRGC og rekstrareininga félagsins Islamic Republic of Iran Shipping Lines (IRISL).
- 8) Samkvæmt yfirlýsingu leiðtogaráðsins skulu ferðatakmarkanir og frýsting fjármuna og efnahagslegs auðs koma til framkvæmda gagnvart fleiri einstaklingum og rekstrareiningum en þeim sem öryggisráðið eða

nefndin, sem stofnsett var skv. 18. mgr. ályktun öryggisráðs SP nr. 1737 (2006) („nefndin“), hafa tilgreint, með því að beita sömu viðmiðunum og þeim sem öryggisráðið eða nefndin hafa stuðst við.

- 9) Samkvæmt yfirlýsingu leiðtoga ráðsins er við hæfi að setja bann við því að afhenda, selja, eða tilfæra til Írans fleiri hluti, efni, tækjabúnað, vörur og tækni en þau, hann eða þær sem öryggisráðið eða nefndin ákveður og sem gætu stuðlað að starfsemi Írana tengdri auðgun, endurvinnslu eða þungu vatni, að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að rekstri sem tengist öðrum málefnum sem Alþjóðakjarnorkumála-stofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál eða stuðlað að öðrum áætlunum um geryðingarvopn. Fyrirnefnt bann skal taka til vara og tækni með tvíþætt notagildi.
- 10) Samkvæmt yfirlýsingu leiðtoga ráðsins skulu aðildarríkin gjalda varhuga við því að taka á sig nýjar skammtímaskuldbindingar vegna fjárstuðnings opinberra aðila eða einkaaðila í tengslum við viðskipti við Íran, í því skyni að lækka útstandandi fjárhæðir, einkum til þess að forðast fjárstuðning sem stuðlar að því að ýta undir útbreiðslu kjarnstarfsemi eða að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn og skulu banna allar kuldbindingar vegna fjárstuðnings opinberra aðila eða einkaaðila í tengslum við viðskipti við Íran til meðallangs eða langs tíma.
- 11) Samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) eru öll ríki hvött til þess að skoða, samkvæmt innlendum valdheimildum sínum og löggjöf og í samræmi við reglur þjóðaréttar, allar farmsendingar til og frá Íran á yfirráðasvæðum sínum, m.a. í höfnum og á flugvöllum, búi hlutaðeigandi ríki yfir upplýsingum sem gefa gildar ástæður til að ætla að farmurinn innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) eða nr. 1929 (2010).
- 12) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) er einnig vakin athygli á því að aðildarríki geti, samkvæmt reglum þjóðaréttar, einkum hafrétti, farið fram á að skip verði skoðuð á úthöfum með samþykki fánaríkis, búi þau yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að viðkomandi skip flytji hluti sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) eða nr. 1929 (2010).
- 13) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) er einnig kveðið á um að aðildarríkjum SP beri að leggja hald á og ráðstafa hlutum, sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) eða nr. 1929 (2010), með þeim hætti sem ekki gengur gegn kuldbindingum þeirra samkvæmt gildandi ályktunum öryggisráðsins og alþjóðasamningum.
- 14) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) er enn fremur kveðið á um að aðildarríkjum SP beri að banna að ríkisborgarar þeirri veiti írönskum skipum þjónustu, sem tengist eldsneytistöku, eða að slík þjónusta sé veitt frá yfirráðasvæðum þeirra, eða aðra þjónustu við skip, búi þau yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að þau flytji hluti sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) eða nr. 1929 (2010).
- 15) Samkvæmt yfirlýsingu leiðtoga ráðsins skulu aðildarríkin, í samstöðu við innlend dómsmálafyrirvöld og í samræmi við eigin löggjöf og reglur þjóðaréttar, einkum viðeigandi samninga um alþjóðaflugmál, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir allt vöruflutningaflug frá Íran til flugvalla innan lögsögu þeirra, að undanskildu blönduðu farþega- og vöruflutningaflugi.
- 16) Ennfremur ber að banna ríkisborgurum aðildarríkja að veita írönskum vöruloftförum flugvirkja- eða viðhaldsþjónustu, eða að slík þjónusta sé veitt frá yfirráðasvæðum þeirra, búi hlutaðeigandi ríki yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að þau flytji hluti sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) eða nr. 1929 (2010).
- 17) Með ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) eru öll aðildarríki SP ennfremur hvött til þess að koma í veg fyrir að veitt sé fjármálaþjónusta, þ.m.t. tryggingar eða endurtryggingar, eða fyrir tilfærslu fjárhagslegra eða annarra verðmæta, sem gætu stuðlað að því að ýta undir kjarnstarfsemi Írans eða þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn í Íran, til, um eða frá yfirráðasvæðum sínum eða til eða frá ríkisborgurum sínum eða rekstrareiningum, sem eru skipulagðar samkvæmt lögum þeirra, eða einstaklingum frá fjármálastofnunum á yfirráðasvæðum sínum.
- 18) Samkvæmt yfirlýsingu leiðtoga ráðsins skulu aðildarríki banna að láta írönskum stjórnvöldum, lögformlega stofnuðum rekstrareiningum í Íran eða rekstrareiningum, sem írönsk lögsaga nær til, eða einstaklingum og rekstrareiningum, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða fara fram eftir leiðbeiningum þeirra, eða rekstrareiningum, sem eru í eigu eða lúta stjórn fyrirnefndra aðila, í té tryggingar og endurtryggingar, m.a. með ólöglegum aðferðum.

- 19) Ennfremur skal bannað að selja eða kaupa eða miðla eða aðstoða við útgáfu skuldabréfa hins opinbera eða skuldabréfa, sem hið opinbera ábyrgist, til eða frá írönskum stjórnvöldum, Seðlabanka Írans eða írönskum bönkum, þ.m.t. útibú og dótturfyrirtæki, og rekstrareiningum á sviði fjármála sem lúta stjórn einstaklinga og rekstrareininga með heimilisfesti í Íran.
- 20) Samkvæmt yfirlýsingu leiðtoga ráðsins og til þess að ná markmiðum ályktunar öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) skal bannað að opna ný útibú, dótturfyrirtæki eða umboðsskrifstofur íranskra banka á yfirráðasvæðum aðildarríkja og að stofnað verði til nýrra fyrirtækja um sameiginlegt verkefni eða að íranskir bandar öðlist eignarhlut í bönkum innan lögsögu aðildarríkja. Ennfremur skulu aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir til þess að banna að fjármálastofnanir, innan yfirráðasvæða eða lögsögu þeirra, opni umboðsskrifstofur eða dótturfyrirtæki eða bankareikninga í Íran.
- 21) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) er ennfremur kveðið á um að ríki geri þá kröfu að ríkisborgarar þeirra, einstaklingar, sem lögsaga þeirra nær til, eða fyrirtæki, sem eru lögformlega stofnuð á yfirráðasvæðum þeirra eða eru innan lögsögu þeirra, sýni árvekni í viðskiptum við lögformlega stofnaðar rekstrareiningar í Íran eða sem eru innan íranskrar lögsögu, hafi þau gilda ástæðu til að ætla að fyrrnefnd viðskipti geti stuðlað að því að ýta undir kjarnstarfsemi eða þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að brotum á ákvæðum ályktana öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) eða nr. 1929 (2010).
- 22) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 1929 (2010) er vakin athygli á hugsanlegum tengslum milli tekna Írans af orkugeira landsins og fjármögnunar starfsemi Írans sem getur ýtt undir útbreiðslu kjarnstarfsemi og ennfremur á því að tækjabúnaður og efni til efnavinnslu, sem eru nauðsynleg fyrir olíuefnaiðnaðinn, eiga margt sameiginlegt með þeim sem eru nauðsynleg fyrir tiltekna starfsemi sem getur ýtt undir útbreiðslu og tengist hringrás kjarnaeldsneytis.
- 23) Samkvæmt yfirlýsingu leiðtoga ráðsins skulu aðildarríki banna sölu, afhendingu eða tilfærslu til Írans á lykiltækjabúnaði og -tækni, ásamt tengdri tækni- og fjárhagsaðstoð, sem nota mætti í lykilverjum innan olíu- og gasiðnaðar. Aðildarríki skulu auk þess banna allar nýjar fjárfestingar innan þessara geira í Íran.
- 24) Ef breyta á I. og II. viðauka við ákvörðun þessa ætti m.a. að kynna fyrir tilgreindum einstaklingum og rekstrareiningum ástæður fyrir skráningu þeirra á lista til þess að gera þeim kleift að leggja fram athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða séu traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi þeirra athugasemda og upplýsa viðkomandi einstakling eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.
- 25) Með ákvörðun þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, sérstaklega þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum rétturinn til ávirks úrræðis og sanngjarnna réttarhalda, rétturinn til eignar og rétturinn til verndar persónuupplýsinga. Beita ber ákvæðum ákvörðunar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 26) Með ákvörðun þessari eru einnig virtar, í einu og öllu, skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og lagalega bindandi eigindir ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.
- 27) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. KAFLI TAKMARKANIR Á ÚTFLUTNINGI OG INNFLUTNINGI

1. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja afhendi, selji eða tilfæri eftirtalda hluti, efni, tækjabúnað, vörur og tækni, þ.m.t. hugbúnað, með beinum eða óbeinum hætti til eða til notkunar í eða til hagsbóta fyrir Íran, eða að það sé gert með gegnumför um yfirráðasvæði aðildarríkis eða með því að nota til þess skip eða loftför undir fána aðildarríkja, hvort sem eftirtalin atriði eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei:

- a) hluti, efni, tækjabúnað, vörur og tækni sem er að finna á listum Kjarnbirgjahópsins eða Eftirlitskerfisins með flugskeytatækni,
- b) alla hluti, efni, tækjabúnað, vörur og tækni að auki sem öryggisráðið eða nefndin ákveður og gætu stuðlað að starfsemi tengdri auðgun, endurvinnslu eða þungu vatni eða að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn,
- c) hvers kyns vopn og tengd hergögn, m.a. vopn og skotfæri, herfarartæki og tækjabúnað, tækjabúnað sem ekki er ætlaður ríkisher, ásamt varahlutum í slík vopn og tengd hergögn, einnig tækjabúnað sem nota mætti til bælingar innanlands. Bann þetta gildir ekki um farartæki sem ekki eru stríðsfarartæki, hafa verið framleidd eða búin efnum til þess að gera þau skotheld og eru eingöngu ætluð til verndar starfsfólki ESB og aðildarríkja þess í Íran,

- d) aðra tiltekna hluti, efni, tækjabúnað, vörur og tækni sem gætu stuðlað að starfsemi tengdri auðgun, endurvinnslu eða þungu vatni, að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að starfsemi sem varðar önnur málefni sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þetta ákvæði.
- e) vörur og tækni með tvíþætt notagildi sem eru á lista í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 482/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, flutningi, miðlun og umflutningi hluta með tvíþætt notagildi⁽⁴⁾ og ákvæði a-liðar gildir ekki um, að undanskildum 5. flokki - 1. hluta og 5. flokki - 2. hluta í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 482/2009.
2. Bann það er um getur í 1. mgr. gildir ekki um beina eða óbeina tilfærslu hluta, er um getur í i. og ii. undirlíð b-liðar 3. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1737 (2006) og ætlaðir eru fyrir léttvatnaskljúfa sem byrjað var á fyrir desember 2006, til eða til nota í eða til hagsbóta fyrir Íran með gegnumför um yfirráðasvæði aðildarríkja.
3. Ennfremur er lagt bann við því:
- a) að láta, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingum, rekstrareiningum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Íran í té tækniaðstoð eða -þjálfun, fjárfestingu eða miðlunarþjónustu sem tengist hlutum, efnum, tækjabúnaði, vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og tengist útvegum, framleiðslu, viðhaldi og notkun fyrrnefndra hluta, efna, tækjabúnaðar, vara og tækni,
 - b) að láta, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingum, rekstrareiningum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Íran í té fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist hlutum og tækni er um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar í tengslum við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning fyrrnefndra hluta eða tækni eða í tengslum við veitingu tengdrar tækniþjálfunar, þjónustu eða aðstoðar,
 - c) að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að það bann er um getur í a- og b-lið er sniðgengið.
4. Innkaup ríkisborgara aðildarríkja á hlutum, efni, tækjabúnaði, vörum og tækni, er um getur í 1. mgr., frá Íran, eða notkun skipa og loftfara undir fána þeirra, eru bönnuð, hvort sem þau eru upprunnin á landsvæði Írans eður ei.

2. gr.

1. Afhending, sala eða tilfærsla af hálfu ríkisborgara aðildarríkja, eða sem fer um yfirráðasvæði aðildarríkja, á hlutum, efnum, tækjabúnaði, vörum og tækni, þ.m.t. hugbúnaður sem ákvæði 1. gr. taka ekki til, sem gætu stuðlað að starfsemi tengdri auðgun, endurvinnslu eða þungu vatni, að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að rekstri, sem tengist öðrum málefnum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál, til eða til notkunar í eða til hagsbóta fyrir Íran, skal háð leyfi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki sem er útflytjandi, í hverju tilviki fyrir sig. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þetta ákvæði.
2. Veiting:
- a) tækniaðstoðar eða þjálfunar, fjármagns eða miðlunarþjónustu, sem tengist hlutum, efnum, tækjabúnaði, vörum og tækni er um getur í III. viðauka og afhendingu, framleiðslu, viðhaldi og notkun þessara hluta, beint eða óbeint til handa einstaklingum, rekstrareiningum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Íran,
 - b) fjármagns eða fjárhagsaðstoðar, sem tengist hlutum og tækni er um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar í tengslum við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning þessara hluta eða í tengslum við að veita tengda tækniþjálfun, þjónustu eða aðstoð, beint eða óbeint til handa einstaklingum, rekstrareiningum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Íran,
- skal einnig háð leyfi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki sem er útflytjandi.
3. Lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu ekki veita leyfi fyrir afhendingu, sölu eða tilfærslu þeirra hluta, efna, tækjabúnaðar, vara og tækni er um getur í 1. mgr., telji þau að viðkomandi sala, afhending, tilfærsla eða útflutningur eða veiting viðeigandi þjónustu myndi stuðla að þeirri starfsemi er um getur í 1. mgr.

3. gr.

1. Álagðar ráðstafanir skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. og 3. mgr. 1. gr. gilda ekki, eftir því sem við á, ákveði nefndin, fyrirfram og í hverju tilviki fyrir sig, að fyrnefnd afhending, sala, tilfærsla eða útvegum fyrrnefndra hluta eða aðstoðar myndi greinilega ekki stuðla að þróun Írans á tækni sem ytir undir útbreiðslu kjarnastarfsemi

og þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, m.a. þegar fyrrnefndir hlutir eða aðstoð viðkemur matvælum, landbúnaði, lækningum eða öðrum mannúðarmálum, að því tilskildu að:

- a) samningar um afhendingu fyrrnefndra hluta eða aðstoðar feli í sér viðeigandi tryggingar fyrir því um hvaða endanlega notendur er að ræða og
- b) að Íran hafi skuldbundið sig til þess að nota ekki þá hluti til að ýta undir útbreiðslu kjarnstarfsemi eða þróunar burðarkerfa fyrir kjarnavopn.

2. Álagðar ráðstafanir skv. e-lið 1. mgr. og 3. mgr. 1. gr. gilda ekki, ákveði lögbært stjórnvald í hlutað-eigandi aðildarríki, fyrirfram og í hverju tilviki fyrir sig, að fyrrnefnd afhending, sala, tilfærsla eða útvegung fyrrnefndra hluta eða aðstoðar myndi greinilega ekki stuðla að þróun Írans á tækni sem ýtir undir útbreiðslu kjarnstarfsemi og þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, m.a. þegar fyrrnefndir hlutir eða aðstoð við kemur lækningum eða öðrum mannúðarmálum, að því tilskildu að:

- a) samningar um afhendingu fyrrnefndra hluta eða aðstoðar feli í sér viðeigandi tryggingar fyrir því um hvaða endanlega notendur er að ræða og
- b) að Íran hafi skuldbundið sig til þess að nota ekki þá hluti til að ýta undir útbreiðslu kjarnstarfsemi eða þróunar burðarkerfa fyrir kjarnavopn.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um sérhverja undanþágu sem er hafnað.

4. gr.

1. Ríkisborgurum aðildarríkja er bannað að selja, afhenda eða flytja lykiltækjabúnað og -tækni til eftirtalinnna lykilgeira olíu- og jarðgasiðnaðar í Íran eða til íranskra fyrirtækja eða fyrirtækja í eigu Írana, sem starfa í þeim geirum utan Írans, eða gera slíkt frá yferráðasvæðum aðildarríkjanna eða nota til þess skip eða loftför, sem lögsaga aðildarríkjanna nær til, hvort sem umræddur tækjabúnaður eða tækni er upprunnin á yferráðasvæðum þeirra eður ei:

- a) hreinsun,
- b) fljótandi jarðgas,
- c) leit,
- d) framleiðsla.

Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þetta ákvæði.

2. Lagt er bann við því að sjá fyrirtækjum í Íran, sem starfa í þeim lykilgeirum íranska olíu- og jarðgas- iðnaðarins er um getur í 1. mgr., eða írönskum fyrirtækjum eða fyrirtækjum í eigu Írana, sem starfa innan þeirra geira utan Írans, fyrir eftirfarandi:

- a) tækniástoð eða -þjálfun og annarri þjónustu, sem tengist lykiltækjabúnaði og -tækni, eftir því sem ákveðið er skv. 1. mgr.,
- b) fjármögnun eða fjárhagsástoð vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings lykiltækjabúnaðar eða -tækni, eftir því sem ákveðið er skv. 1. mgr., eða vegna tengdrar tækniástoðar eða -þjálfunar.

3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn er um getur í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.

TAKMARKANIR Á FJÁRMÖGNUN TILTEKINNA FYRIRTÆKJA

5. gr.

Lagt er bann við fjárfestingu Írans, ríkisborgara þess eða rekstrareininga, sem eru lögformlega stofnaðar í Íran eða innan lögsögu þess, eða einstaklinga eða rekstrareininga, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra, eða rekstrareininga, sem eru í eigu eða lúta stjórn þeirra, í viðskiptastarfsemi sem felur í sér úránnám, framleiðslu eða notkun kjarnakleyfra efna eða kjarnorkutækni, einkum úranauðgun og endurvinnslustarfsemi, hvers kyns starfsemi sem tengist þungu vatni eða tækni sem tengist skotflaugum sem geta borið kjarnavopn. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.

6. gr.

Lagt er bann við eftirfarandi:

- a) að veita lán eða lánsheimild til fyrirtækja í Íran, sem starfa í þeim geirum íranska olíu- og jarðgas- iðnaðarins er um getur í 1. mgr. 4. gr., eða til íranskra fyrirtækja eða fyrirtækja í eigu Írana sem starfa innan þeirra geira utan Írans,
- b) að eignast eða auka hlutdeild í fyrirtækjum í Íran, sem starfa í þeim geirum íranska olíu- og jarðgas- iðnaðarins er um getur í 1. mgr. 4. gr., eða í írönskum fyrirtækjum eða fyrirtækjum í eigu Írana sem

starfa innan þeirra geira utan Írans, þ.m.t. að eignast slík fyrirtæki að öllu leyti og að eignast hlutabréf eða verðbréf sem fela í sér hlutdeild,

- c) að stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í samvinnu við fyrirtæki í Íran sem starfa í þeim atvinnugreinum innan þeirra geira íranska olíu- og jarðgasiðnaðarins er um getur í 1. mgr. 4. gr. og í samvinnu við dótturfélög eða hlutdeildarfélög sem lúta stjórn þeirra.

7. gr.

1. Bannið skv. 1. mgr. 4. gr. hefur engin áhrif á efndir skuldbindingar um afhendingu vara samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið fyrir þann dag þegar ákvörðun þessi er samþykkt.
2. Bönnin skv. 4. gr. hafa engin áhrif á efndir skuldbindingar sem stafar af samningum sem gerðir hafa verið fyrir þann dag þegar ákvörðun þessi er samþykkt og tengjast fjárfestingum sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríkjunum hafa stofnað til í Íran fyrir fyrrnefndan dag.
3. Bönn þau er um getur annars vegar í a-lið 6. gr. og hins vegar í b-lið sömu greinar:
 - i. hafa engin áhrif á efndir skuldbindingar sem stafar af samningum eða samkomulagi sem gengið hefur verið frá fyrir þann dag þegar ákvörðun þessi er samþykkt,
 - ii. koma ekki í veg fyrir að hlutdeild sé aukin, sé sú aukning í samræmi við skuldbindingu samkvæmt samningi sem gerður hefur verið fyrir þann dag þegar ákvörðun þessi er samþykkt.

TAKMARKANIR Á FJÁRSTUÐNINGI VEGNA VERSLUNARVIÐSKIPTA

8. gr.

1. Aðildarríki skulu varast að taka á sig skuldbindingar til skamms tíma að því er varðar fjárstuðning opinberra aðila og einkaaðila vegna verslunarviðskipta við Íran, þ.m.t. útflutningslán, ábyrgðir eða vátryggingar, til ríkisborgara sinna eða rekstrareininga, sem koma að slíkum viðskiptum, í því skyni að lækka útistandandi fjárhæðir þeirra, einkum til þess að komast hjá því að hvers kyns fjárhagsaðstoð geti ýtt undir útbreiðslu kjarnstarfsemi eða þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn. Ennfremur skulu aðildarríkin ekki taka á sig nýjar skuldbindingar til meðallangs og langs tíma viðvíkjandi opinberum fjárstuðningi og fjárstuðningi einkaaðila vegna verslunarviðskipta við Íran.
2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á skuldbindingar sem stofnast fyrir gildistöku ákvörðunar þessarar.
3. Ákvæði 1. mgr. varða ekki verslunarviðskipti sem varða matvæli, landbúnað, lækningar eða önnur mannúðarmál.

2. KAFLI FJÁRMÁLAGEIRINN

9. gr.

Aðildarríkin skulu ekki taka á sig nýjar skuldbindingar viðvíkjandi styrkjum, fjárhagsaðstoð og lánum með ívilnunum til stjórnvalda í Íran, m.a. gegnum þátttöku þeirra í starfsemi alþjóðlegra fjármálastofnana, að undanskildum skuldbindingum viðvíkjandi mannúðar- og þróunarmálum.

10. gr.

- 3) Ráðið hefur komist að þeirri niðurstöðu að þær tilteknu þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2010/413/SSUÖ skuli gilda áfram um þá einstaklinga og þær rekstrareiningar sem talin eru upp í II. viðauka við umrædda ákvörðun, að undanskildum tveimur rekstrareiningum.
- 4) Ráðið hefur og komist að þeirri niðurstöðu að breyta beri færslum sem varða tilteknar rekstrareiningar á listanum.
- 5) Uppfæra ber listann yfir þá einstaklinga og rekstrareiningar er um getur í b-lið 1. mgr. 19. gr. og b-lið 1. mgr. 20. gr. ákvörðunar 2010/413/SSUÖ til samræmis við þær breytingar,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ komi textinn sem settur er fram í viðaukanum við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

Gjört í Lúxemborg 25. október 2010.

Fyrir hönd ráðsins,
C. ASHTON
forseti.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

VIÐAUKI

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í IX. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (uppfærður miðað við 23. mars 2012), sbr. fylgiskjal 27.

Fylgiskjal 12.

**Ákvörðun ráðsins 2011/299/SSUÖ
frá 23. maí 2011
um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ ⁽¹⁾.
- 2) Bæta ber fleiri einstaklingum og rekstrareiningum á lista yfir einstaklinga og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til, eins og fram kemur í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 3) Breyta beri færslum viðvirkjandi tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 4) Fresta ber framkvæmd ferðatakmarkana að því er varðar hr. Ali Akbar Salehi.
- 5) Breyta ber ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 26. gr. ákvörðunar 2010/413/SSUÖ:

„4. Fresta ber þeim aðgerðum er um getur í b-lið 1. mgr. 19. gr. að því er þær varða hr. Ali Akbar Salehi.“

2. gr.

Bæta ber þeim einstaklingum og rekstrareiningum sem eru á lista í I. viðauka við listann í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.

3. gr.

Í stað færslna fyrir eftirtalda einstaklinga og rekstrareiningar í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ:

- 1) Ali Akbar SALEHI,
- 2) Iran Centrifuge Technology Company (einnig þekkt sem TSA eða TESA),
- 3) Ministry of Defence and Armed Forces Logistics (MODAFL),
- 4) Research Institute of Nuclear Science & Technology (einnig þekkt sem Nuclear Science & Technology Research Institute),

komi þær færslur sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun þessa.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 23. maí 2011.

Fyrir hönd ráðsins,
C. ASHTON
forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

*I. VIÐAUKI***Einstaklingar og rekstrareiningar er um getur í 2. gr.**

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í IX. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (uppfærður miðað við 23. mars 2012), sbr. fylgiskjal 27.

*II. VIÐAUKI***Einstaklingar og rekstrareiningar er um getur í 3. gr.**

(leiðréttur 24.6.2011)

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í IX. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (uppfærður miðað við 23. mars 2012), sbr. fylgiskjal 27.

Fylgiskjal 13.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2011/783/SSUÖ**

frá 1. desember 2011

um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.
- 2) Ráðið hefur endurskoðað í heild listann yfir aðila og rekstrareiningar í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ, sem b-liður 1. mgr. 19. gr. og b-liður 1. mgr. 20. gr. þeirrar ákvörðunar gildir um. Við þá endurskoðun tók ráðið mið af athugasemdum sem hluteigandi aðilar lögðu fram.
- 3) Ráðið hefur komist að þeirri niðurstöðu að sérstakar þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2010/413/SSUÖ muni gilda áfram um aðila og rekstrareiningar sem eru skráðir í II. viðauka við umrædda ákvörðun.
- 4) Ráðið hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu að breyta beri færslum sem varða tiltekna aðila í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 5) Í ljósi þess að kjarnorku- og flugskeytaáætlanir Írans eru áframhaldandi áhyggjuefni, sem leiðtogaráðið lét í ljós 23. október 2011, ber enn fremur að bæta aðilum og rekstrareiningum við skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til og sett er fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 6) Uppfæra ber listann yfir þá einstaklinga og rekstrareiningar er um getur í b-lið 1. mgr. 19. gr. og b-lið 1. mgr. 20. gr. ákvörðunar 2010/413/SSUÖ til samræmis,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun þessa.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 1. desember 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ASHTON

forseti.

VIÐAUKI

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í IX. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (uppfærður miðað við 23. mars 2012), sbr. fylgiskjal 27.

Fylgiskjal 14.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2012/35/SSUÖ

frá 23. janúar 2012

um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 27. febrúar 2007 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2007/140/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran ⁽¹⁾ til framkvæmdar ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 (2006).
- 2) Hinn 23. apríl 2007 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2007/246/SSUÖ ⁽²⁾ til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1747 (2007).
- 3) Hinn 7. ágúst 2008 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2008/652/SSUÖ ⁽³⁾ til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1803 (2008).
- 4) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ ⁽⁴⁾ til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1929 (2010).
- 5) Hinn 1. desember 2011 ítrekaði ráðið alvarlegar og vaxandi áhyggjur vegna eðlis kjarnorkuáætlunar Írans, einkum vegna uppgötvana um aðgerðir Írana í tengslum við þróun kjarnorkutækni í hernaðarlegum tilgangi, eins og fram kemur í síðustu skýrslu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Í ljósi þessara áhyggna og í samræmi við yfirlýsingu leiðtoga ráðsins frá 23. október 2011 samþykkti ráðið að útvíkka núgildandi refsiaðgerðir með því að skoða, í nánú samstarfi við alþjóðlega samstarfsaðila, auknar aðgerðir, þ.m.t. aðgerðir, sem miða að því að skaða alvarlega fjármálakerfi Írans í flutningageiranum og orkugeiranum, aðgerðir gegn Íranska byltingaverðinum og aðgerðir á öðrum sviðum.
- 6) Hinn 9. desember 2011 lýsti leiðtoga ráðið yfir stuðningi sínum við ályktun ráðsins frá 1. desember 2011 og hvatti ráðið til að halda áfram starfi sínu í tengslum við útvíkkun þvingunaraðgerða Evrópusambandsins gegn Íran sem forgangsverkefni.
- 7) Í þessu sambandi þykir rétt að banna eða hafa eftirlit með útvegum, sölu eða flutningi til Írans á auka-hlutum, -efnum, -búnaði, -vörum og -tækni sem gætu stuðlað að starfsemi Írans sem tengist auðgun, starfsemi þess á sviði endurvinnslu eða starfsemi sem tengist þungu vatni, stuðlað að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að starfsemi sem tengist öðrum málum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur lýst áhyggjum yfir eða telur að séu eftirtektarverð eða gætu stuðlað að áætlunum um önnur geryeðingar-vopn. Bann þetta ætti að taka til vara og tækni með tvíþætt notagildi.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 61, 28.2.2007, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 106, 24.4.2007, bls. 67.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 58.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

- 8) Með það í huga að hugsanleg tengsl séu milli tekna Írana frá orkugeiranum og fjármögnunar starfsemi á sviði kjarnorku, sem ýtir undir útbreiðslu hennar, og að búnaður og efni tengd efnaferlum, sem eru nauðsynleg fyrir olíuefnaíðnaðinn, eiga margt sameiginlegt með þeim sem eru nauðsynleg fyrir tiltekna viðkvæma starfsemi vegna kjarneldsneytis, eins og lögð er áhersla á í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1929 (2010), ætti að banna sölu, útvegum og flutning til Írans á frekari lykiltækjabúnaði eða -tækni sem nota mætti í lykilgeirum í olíu- og gasiðnaði eða í olíuefnaíðnaðinum. Ennfremur ber aðildarríkjum að banna alla nýja fjárfestingu í olíuefnaíðnaði í Íran.
- 9) Að auki ber að banna kaup, innflutning eða flutning frá Íran á hráolíu og olíuefnavörum.
- 10) Ennfremur ber að banna sölu, kaup, flutning og miðlun á gulli, eðalmálmum og demöntum til, frá eða fyrir ríkisstjórn Írans.
- 11) Að auki ber að banna afhendingu nýprentaðra eða nýsleginna eða óútgefinna peningaseðla og myntar með nafngiftinni íranskir og írönsk til Seðlabanka Írans eða til hagræðis fyrir hann.
- 12) Ennfremur ber að leggja þvingunaraðgerðir á Seðlabanka Írans í ljósi hlutdeildar hans í aðgerðum til að sniðganga refsiaðgerðir gegn Íran.
- 13) Beita skal takmörkunum á aðgengi og frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs gagnvart fleiri aðilum og rekstrareiningum sem veita ríkisstjórn Írans stuðning sem gerir henni kleift að stunda starfsemi á sviði kjarnorku, sem ýtir undir útbreiðslu hennar, eða þróa burðarkerfi fyrir kjarnavopn, einkum gagnvart aðilum og rekstrareiningum sem veita ríkisstjórn Írans fjárstuðning, skipulagsaðstoð eða efnislega aðstoð.
- 14) Ekki skal lengur einskorðað takmarkanir á aðgengi og frýstingu fjármuna, sem er beint gegn meðlimum Íranska byltingarvarðarins, við háttsetta meðlimi hans; slíkar aðgerðir gætu beinst gegn öðrum meðlimum Íranska byltingarvarðarins.
- 15) Ennfremur ber að setja fleiri aðila og rekstrareiningar til viðbótar á lista yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til eins og fram kemur í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 16) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi komi í stað e-liðar 1. mgr. 1. gr.:
 - „e) aðrar vörur og tækni með tvíþætt notagildi sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, millifærslu, miðlun og viðkomu hluta með tvíþætt notagildi (*) og ekki er fjallað um í a-lið, að undanskildum tilteknum hlutum í 5. flokki í 1. hluta og 5. flokki í 2. hluta I. viðauka við þá reglugerð.

(*) Stjttíð. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1.

- 2) Eftirfarandi greinar eru felldar inn:

3. gr. a

1. Innflutningur, kaup eða flutningur á hráolíu og jarðolíuafurðum frá Íran er bannaður. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvarða viðeigandi hluti sem eiga að falla undir þetta ákvæði.
2. Bannað skal að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjárhagslegar afleiður og tryggingar og endurtryggingar, í tengslum við innflutning, kaup eða flutning á hráolíu og jarðolíuafurðum frá Íran.

3. gr. b

1. Innflutningur, kaup eða flutningur á írönskum olíuefnavörum skal bannaður. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvarða viðeigandi hluti sem eiga að falla undir þetta ákvæði.
2. Bannað skal að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð og tryggingar og endurtryggingar, í tengslum við innflutning, kaup eða flutning á írönskum olíuefnavörum.

3. gr. c

1. Bönn, sem sett eru fram í 3. gr. a, hafa engin áhrif á framkvæmd samninga, fram til 1. júlí 2012, þ.e. samninga sem voru gerðir fyrir 23. janúar 2012, eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir fyrir framkvæmd slíkra samninga sem ljúka skal og koma skulu til framkvæma eigi síðar en 1. júlí 2012.
2. Bannið, sem sett er fram í 3. gr. a, hefur engin áhrif á framkvæmd skuldbindinga, sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 23. janúar 2012, eða skuldbindinga í fylgisamningum, sem eru nauðsynlegir fyrir framkvæmd slíkra skuldbindinga, þegar útvegum hráolíu og jarðolíuafurða frá Íran eða ágóði, sem hlýst af útvegum þeirra, fer til endurgreiðslu útistandandi fjárhæða vegna samninga, sem eru gerðir fyrir 23. janúar 2012, til aðila eða rekstrareininga innan yferráðasvæða aðildarríkja eða innan lögsögu þeirra, þar sem þeir samningar kveða sérstaklega á um slíka endurgreiðslu.

3. gr. d

1. Bannið, sem sett er fram í 3. gr. a, hefur engin áhrif á framkvæmd samninga, sem gerðir voru fyrir 23. janúar 2012, fyrr en 1. maí 2012 eða framkvæmd fylgisamninga sem eru nauðsynlegir fyrir framkvæmd slíkra samninga og ljúka skal og koma skulu til framkvæma eigi síðar en 1. maí 2012.
2. Bannið, sem sett er fram í 3. gr. b, hefur engin áhrif á framkvæmd skuldbindinga, sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 23. janúar 2012, eða skuldbindinga í fylgisamningum, sem eru nauðsynlegir fyrir framkvæmd slíkra skuldbindinga, þegar útvegum olíuefnavara eða ágóði sem hlýst af útvegum þeirra er til endurgreiðslu útistandandi fjárhæða vegna samninga, sem eru gerðir fyrir 23. janúar 2012, til aðila eða rekstrareininga innan yferráðasvæða aðildarríkja eða innan lögsögu þeirra, þar sem þeir samningar kveða sérstaklega á um slíka endurgreiðslu.

3) Eftirfarandi greinar eru felldar inn:

4. gr. a

1. Ríkisborgurum aðildarríkja er bannað að selja, útvega eða flytja lykiltækjabúnað eða -tækni fyrir olíuefnaiðnaðinn í Íran, eða til íranskra fyrirtækja eða fyrirtækja í eigu Írana, sem eru í þeim iðnaði utan Írans, eða frá yferráðasvæðum aðildarríkjanna; þá er bannað að nota skip eða loftför sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna, óháð því hvort umræddur tækjabúnaður eða tækni er upprunnin á yferráðasvæðum þeirra eður ei. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvarða viðeigandi hluti sem eiga að falla undir þetta ákvæði.
2. Bannað er að láta fyrirtækjum í Íran, sem starfa í olíuefnaiðnaðinum eða írönskum fyrirtækjum eða fyrirtækjum í eigu Írana sem starfa í þeim iðnaði utan Írans, eftirfarandi í té:
 - a) tækniástoð eða þjálfun og aðra þjónustu sem tengist lykiltækjabúnaði og -tækni eins og ákvarðað er samkvæmt 1. mgr.
 - b) fjármögnun eða fjárhagsástoð vegna sölu, útvegunar, flutnings eða útflutnings lykiltækjabúnaðar eða -tækni, eins og ákvarðað er skv. 1. mgr., eða fjármögnun eða fjárhagsástoð sem gerir kleift að láta í té tengda tækniástoð eða þjálfun.
3. Bannað skal að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því að sniðganga þau bönn er um getur í 1. og 2. mgr. eða leiðir til þess arna.

4. gr. b

1. Bannið skv. 1. mgr. 4. gr. hefur engin áhrif á framkvæmd skuldbindingar sem tengjast útvegum vara sem kveðið er á um í samningum sem eru gerðir fyrir 26. júlí 2010.
2. Bönnin skv. 4. gr. hafa engin áhrif á framkvæmd skuldbindinga sem verða til samkvæmt samningum sem gerðir eru fyrir 26. júlí 2010 og tengjast fjárfestingum sem fyrirtæki, stofnuð í aðildarríkjum, leggja í fyrir þá dagsetningu.
3. Bannið skv. 1. mgr. 4. gr. a hefur engin áhrif á framkvæmd skuldbindinga sem tengjast afhendingu vara sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 23. janúar 2012.
4. Bönnin skv. 4. gr. a hafa engin áhrif á framkvæmd skuldbindinga sem verða til samkvæmt samningum sem gerðir eru fyrir 23. janúar 2012 og tengjast fjárfestingum sem fyrirtæki, stofnuð í aðildarríkjum, leggja í fyrir þá dagsetningu.

4. gr. c

Lagt er bann við beinni eða óbeinni sölu, kaupum, flutningi eða miðlun gulls og eðalmálma og demanta til, frá eða fyrir ríkisstjórn Írlands, opinbera aðila, fyrirtæki og stofnanir hennar, Seðlabanka Írlands og til, frá eða fyrir aðila og rekstrareiningar sem koma fram fyrir þeirra hönd eða vinna undir stjórn þeirra, eða rekstrareiningar sem eru í eigu eða lúta stjórn þeirra.

Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvarða viðeigandi hluti sem skulu falla undir þetta ákvæði.

4. gr. d

Lagt er bann við afhendingu nýprentaðra eða nýsleginna eða óútgefna peningaseðla og myntar með nafngiftinni íranskir og írönsk til Seðlabanka Írlands eða til hagræðis fyrir hann.“

4) Eftirfarandi grein er felld inn:

„6. gr. a

Lagt er bann við eftirfarandi:

- a) að veita fyrirtækjum í Írland, sem starfa í þeim írandska iðnaði þar sem vinnsla úr jarðolíu og jarðgasi fer fram eða írönskum fyrirtækjum eða fyrirtækjum í eigu Írlands sem eru í þeim iðnaði utan Írlands,
- b) að eignast eða auka hlutdeild í fyrirtækjum í Írland, sem starfa í olíuefnaíðnaðinum, eða í írönskum fyrirtækjum eða fyrirtækjum í eigu Írlands sem eru í þeim iðnaði utan Írlands, m.a. að eignast slík fyrirtæki að öllu leyti og eignast hlutabréf og verðbréf sem fela í sér hlutdeild,
- c) að mynda fyrirtæki um sameiginleg verkefni í samstarfi við þau fyrirtæki í Írland sem starfa í olíuefnaíðnaðinum og við sérhvert það dótturfélag eða hlutdeildarfélag sem lýtur stjórn þeirra.“

5) Eftirfarandi komi í stað 7. gr.:

„7. gr.

1. Bönnin skv. a-lið 6. gr. annars vegar og b-lið sömu greinar hins vegar:
 - i. hafa engin áhrif á framkvæmd skuldbindingar sem verður til samkvæmt samningum eða samkomulagi sem gert var fyrir 26. júlí 2010,
 - ii. koma ekki í veg fyrir aukningu hlutdeildar, ef slík aukning er skylda samkvæmt samningi sem var gerður fyrir 26. júlí 2010.
2. Bönnin skv. a-lið 6. gr. a annars vegar og b-lið sömu greinar hins vegar:
 - i. hafa engin áhrif á framkvæmd skuldbindingar sem verður til samkvæmt samningum eða samkomulagi sem gert var fyrir 23. janúar 2012,
 - ii. koma ekki í veg fyrir aukningu hlutdeildar, ef slík aukning er skylda samkvæmt samningi sem var gerður fyrir 23. janúar 2012.“

6) Ákvæðum 1. mgr. 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað b-liðar:

„b) aðrir aðilar sem falla ekki undir I. viðauka og stunda, tengjast beint eða styðja við starfsemi Írlands á sviði kjarnorku, sem ýtir undir útbreiðslu hennar, eða við þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, m.a. með þátttöku í innkaupum á bönnuðum hlutum, vörum, tækjabúnaði, efnum og tækni, eða aðilar, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast undir þeirra stjórn, eða aðilar sem hafa aðstoðað tilgreinda aðila eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta gegn ákvæðum ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 (2006), 1747 (2007), 1803 (2008) og 1929 (2010) eða ákvæðum ákvörðunar þessarar og aðrir meðlimir í Írandska byltingarverðinum, sbr. lista í II. viðauka.“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„c) aðrir aðilar sem falla ekki undir I. viðauka og veita ríkisstjórn Írlands stuðning og aðilar sem þeim tengjast, sbr. lista í II. viðauka.“

7) Eftirfarandi breyting er gerð á 20. gr.:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr.:

i. Eftirfarandi komi í stað b-liðar:

„b) aðilar og rekstrareiningar sem falla ekki undir I. viðauka og stunda, tengjast beint eða styðja við starfsemi Írlands á sviði kjarnorku, sem ýtir undir útbreiðslu hennar, eða við þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, m.a. með þátttöku í innkaupum á bönnuðum hlutum, vörum, tækjabúnaði, efnum og

- tækni, eða aðilar eða rekstrareiningar, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast undir þeirra stjórn, eða aðilar í eigu þeirra eða sem lúta stjórn þeirra, m.a. með ólöglegum hætti, eða aðilar og rekstrareiningar, sem hafa aðstoðað tilgreinda aðila eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta gegn ákvæðum ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 (2006), 1747 (2007), 1803 (2008) og 1929 (2010) eða ákvæðum ákvörðunar þessarar, og aðrir meðlimir eða rekstrareiningar Írnska byltingarvarðarins og Skipafélags Íslamska lýðveldisins Írans (IRISL) og rekstrareiningar í eigu þeirra eða sem lúta stjórn þeirra eða sem koma fram fyrir þeirra hönd, sbr. lista í II. viðauka.“
- ii. Eftirfarandi liður bætist við:
- „c) aðrir aðilar og rekstrareiningar sem ekki falla undir I. viðauka og veita ríkisstjórn Írans stuðning og aðilar og rekstrareiningar sem þeim tengjast, sbr. lista í II. viðauka.“
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „4a. Að því er varðar aðila og rekstrareiningar, sem eru á lista í II. viðauka, er einnig heimilt að gera undanþágur vegna fjármuna og efnahagslegs auðs, sem greiða á inn á eða út af reikningi sendiráðs eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að svo miklu leyti sem nota á slíkar greiðslur í opinberum tilgangi viðkomandi sendiráðs, ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar.“
- c) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:
- „7. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um millifærslu af hálfu eða gegnum Seðlabanka Írans á fjármunum eða efnahagslegum auði, sem veitt er viðtaka eða er frystur eftir þann dag þegar bankinn er tilgreindur, eða um millifærslu fjármuna eða efnahagslegs auðs til eða í gegnum Seðlabanka Írans eftir þann dag þegar hann er tilgreindur, þegar slík millifærsla tengist greiðslu fjármálastofnunar sem ekki er tilgreind, þ.e. greiðslu sem er gjaldkræf í tengslum við tiltekinn viðskiptasamning, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi fundið út, í hverju tilviki fyrir sig, að aðili eða rekstrareining, er um getur í 1. mgr., veiti henni ekki viðtöku með beinum eða óbeinum hætti.
8. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um millifærslu af hálfu eða gegnum Seðlabanka Írans á frystum fjármunum eða efnahagslegum auði þegar slík millifærsla fer fram í því skyni að útvega fjármálastofnunum í lögsögu aðildarríkja lausafé vegna fjármögnunar viðskipta, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi heimilað millifærsluna.
9. Ákvæði 2. mgr. hafa engin áhrif á greiðslur til Seðlabanka Írans í tengslum við framkvæmd samninga í samræmi við greinar 3. gr. a, 3. gr. b, 3. gr. c eða 3. gr. d.
10. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að Tejaratbanki, sem er á lista í II. viðauka, geti, á tveggja mánaða tímabili eftir dagsetningu tilgreiningar hans, greitt hluta af fjármunum eða efnahagslegum auði, sem er veitt viðtaka eða frystur eftir dagsetningu tilgreiningar bankans á lista, eða geti tekið við greiðslu eftir dagsetningu tilgreiningar hans, þegar slík greiðsla er gjaldkræf í tengslum við tiltekinn viðskiptasamning, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi fundið út, í hverju tilviki fyrir sig, að aðili eða rekstrareining, er um getur í 1. mgr., veiti henni ekki viðtöku með beinum eða óbeinum hætti.
11. Ákvæði 7., 8., 9. og 10. mgr. hafa engin áhrif á 3., 4., 4a., 5. og 6. mgr. í þessari grein og á 3. mgr. 10. gr.“
- 8) Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 24. gr.:
- „2. Ákveði ráðið að ráðstafanir, er um getur í b- og c-lið 1. mgr. 19. gr. og b- og c-lið 1. mgr. 20. gr., skuli taka til aðila eða rekstrareiningar skal það breyta II. viðauka til samræmis við það.“
- 9) Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 25. gr.:
- „2. Í I. og II. viðauka skulu einnig koma fram, ef þær liggja fyrir, nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á viðkomandi aðila eða rekstrareiningar, eins og öryggisráðið eða nefndin kveður á um með tilliti til I. viðauka. Að því er einstaklinga varðar geta slíkar upplýsingar m.a. verið tökuheiti, fæðingardagur og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða atvinna. Að því er varðar rekstrareiningar geta þessar upplýsingar m.a. verið nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. og II. viðauka skal einnig koma fram dagsetning tilgreiningar.“
- 10) Eftirfarandi komi í stað 2. og 3. mgr. 26. gr.:
- „2. Ráðstafanir samkvæmt 3. gr. a, sem lúta að banni við innflutningi, kaupum og flutningi á hráolíu og jarðolíuafurðum frá Íran, skal endurskoða eigi síðar en 1. maí 2012, þar sem sérstaklega er tekið tilhlýðilegt tillit til framboðs og fjárhagsstöðu vegna útvegunar hráolíu og jarðolíuafurða sem eru

framleiddar í öðrum löndum en Íran, með það í huga að tryggja samfellda, næga orku í aðildarríkjunum.

3. Þær aðgerðir er um getur í b- og c-lið 1. mgr. 19. gr. og b- og c-lið 1. mgr. 20. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti. Þær skulu falla úr gildi gagnvart viðkomandi aðilum og rekstrareiningum ákvarði ráðið, samkvæmt þeirri málsmeðferð er um getur í 24. gr., að skilyrði fyrir því að grípa til þeirra séu ekki lengur fyrir hendi.

2. gr.

1. Bæta ber þeim aðilum og rekstrareiningum sem eru á listanum í I. viðauka við ákvörðun þessa við listann í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.

2. Fjarlægja skal þá rekstrareiningu sem er á listanum í II. viðauka við ákvörðun þessa af listanum í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.

3. Færslum í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ skal breyta eins og fram kemur í III. viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel, 23. janúar 2012.

Fyrir hönd ráðsins,
ASHTON
forseti.

I. VIÐAUKI

**Listi yfir einstaklinga og rekstrareiningar.
sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr.**

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í IX. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (uppfærður miðað við 23. mars 2012), sbr. fylgiskjal 27.

II. VIÐAUKI

Rekstrareining sem vísað er til í 2. mgr. 2. gr.

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í IX. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (uppfærður miðað við 23. mars 2012), sbr. fylgiskjal 27.

III. VIÐAUKI

Færslur sem vísað er til í 3. mgr. 2. gr.

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í IX. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (uppfærður miðað við 23. mars 2012), sbr. fylgiskjal 27.

Fylgiskjal 15.

**Ákvörðun ráðsins 2012/152/SSUÖ
frá 15. mars 2012
um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 23. janúar 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/35/SSUÖ um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ ⁽²⁾ til að bregðast við alvarlegum og vaxandi áhyggjum af eðli kjarnorkuáætlunar Írans.
- 3) Í þessu sambandi ber að þróa enn frekar, í samræmi við ákvörðun 2010/413/SSUÖ, hvernig veitendur sérhæfðrar sendingarþjónustu á sviði fjármála beita markvissum fjármálaaðgerðum.
- 4) Breyta ber ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Við 20. gr. ákvörðunar 2010/413/SSUÖ bætist eftirfarandi málsgrein:

„12. Með fyrirvara um undanþágur, sem kveðið er á um í þessari grein, er bannað að veita þeim einstaklingum og rekstrareiningum, sem um getur í 1. mgr., þá sérhæfðu sendingarþjónustu á sviði fjármála sem notuð er við skipti á fjármálagögnum,“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 15. mars 2012.

Fyrir hönd ráðsins,

N. WAMMEN

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 19, 24.1.2012, bls. 22.

Fylgiskjal 16.

**Ákvörðun ráðsins 2012/169/SSUÖ
frá 23. mars 2012
um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 12. apríl 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Íran ⁽²⁾.
- 3) Þær ráðstafanir sem settar eru fram í ákvörðun 2010/413/SSUÖ endurspeglar áhyggjur ráðsins vegna eðlis kjarnorkuáætlunar Írans; þær ráðstafanir sem settar eru fram í ákvörðun 2011/235/SSUÖ endurspeglar hins vegar áhyggjur ráðsins vegna afturfarar ástandsins í mannréttindamála í Íran.

- 4) Með hliðsjón af markmiðum bannsins við afhendingu, sölu eða tilfærslu búnaðar, sem nota má til bælingar innanlands, verður það fellt inn í ákvörðun 2011/235/SSUÖ. Því verður þeirri ákvörðun breytt til samræmis við það.
- 5) Jafnhliða ber að fella bannið við afhendingu, sölu eða tilfærslu búnaðar, sem nota má til bælingar innanlands, út úr ákvörðun 2010/413/SSUÖ og breyta henni til samræmis við það.
- 6) Ennfremur ber að tilgreina að þvingunaraðgerðir viðvíkjandi viðtöku og frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs gilda gagnvart aðilum sem starfa á vegum Íranska byltingarvarðarins (IRGC) eða Skipafélags Íslamska lýðveldisins Írans (IRISL),

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2010/413/SSUÖ:

- 1) Í stað c-liðar 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„c) hvers kyns vopn og tengd hergögn, m.a. vopn og skotfæri, herfarartæki og tækjabúnaður, tækjabúnaður ekki ætlaður ríkisher, ásamt varahlutum í slík vopn og tengd hergögn. Bann þetta gildir ekki um farartæki sem ekki eru stríðsfarartæki, hafa verið framleidd eða búin efnum til þess að gera þau skotheid og eru eingöngu ætluð til verndar starfsfólki ESB og aðildarríkja þess í Íran,“.
- 2) Í stað b-liðar 1. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„b) aðilar, sem I. viðauki tekur ekki til, sem fást við, eru í beinum tengslum við eða styðja útbreiðslunæma kjarnstarfsemi Írans eða þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, þ.m.t. með þátttöku í innkaupum á bönnuðum hlutum, vörum, tækjabúnaði, efnum og tækniþekkingu, eða aðilar, sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða aðilar, sem hafa aðstoðað tilgreinda aðila eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta ákvæði ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) og nr. 1929 (2010) eða ákvörðunar þessarar, ásamt öðrum félögum í Íranska byltingarverðinum (IRGC) og aðilum sem starfa á vegum hans og Skipafélags Íslamska lýðveldisins Írans (IRISL), eins og skráð er í II. viðauka.“
- 3) Í stað b-liðar 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„b) aðilar og rekstrareiningar, sem I. viðauki tekur ekki til, sem fást við, eru í beinum tengslum við eða styðja útbreiðslunæma kjarnstarfsemi Írans eða þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, þ.m.t. með þátttöku í innkaupum á bönnuðum hlutum, vörum, tækjabúnaði, efnum og tækniþekkingu, eða aðilar eða rekstrareiningar, sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða aðilar, sem eru í eigu eða lúta stjórn þeirra, m.a. með ólöglegum hætti, eða aðilar eða rekstrareiningar, sem hafa aðstoðað tilgreinda aðila eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta ákvæði ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) og nr. 1929 (2010) eða ákvörðunar þessarar, ásamt öðrum félögum í og rekstrareiningum sem tilheyra Íranska byltingarverðinum (IRGC) og Skipafélagi Íslamska lýðveldisins Írans (IRISL) og rekstrareiningum sem eru í eigu eða lúta stjórn hans eða þess eða aðila og rekstrareininga sem starfa á þeirra vegum, eins og skráð er í II. viðauka.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 23. mars 2012.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ASHTON

forseti.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 51.

Fylgiskjal 17.

**Ákvörðun ráðsins 2012/205/SSUÖ
frá 23. apríl 2012
um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 2) Ráðið telur að ekki séu lengur forsendur fyrir því að halda einum aðila og tveimur rekstrareiningum á listanum yfir aðila og rekstrareiningar, sem þvingunaraðgerðir taka til, eins og fram kemur í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 3) Því ber að breyta II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Taka ber þann aðila og þær rekstrareiningar sem eru á lista í viðaukanum við ákvörðun þessa af listanum í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

Gjört í Lúxemborg 23. apríl 2012.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ASHTON

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

VIÐAUKI

Einstaklingur og rekstrareiningar er sem vísað er til í 1. gr.

Listinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 350/2012 frá 23. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 varðandi þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 28.

Fylgiskjal 18.

**Ákvörðun ráðsins 2012/457/SSUÖ
frá 2. ágúst 2012
um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun 2010/413/EB ⁽¹⁾, einkum 1. og 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 2) Ráðið telur að fjarlægja beri tiltekna aðila af listanum yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir, sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ, taka til og að breyta beri færslum um tiltekna rekstrareiningar.
- 3) Í kjölfar ákvörðunar nefndar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem var komið á fót samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 1737 (2006), ber að fjarlægja tvo aðila og eina rekstrareiningu af listanum sem settur er fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ og bæta þeim á listann yfir aðila og rekstrareiningar, sem þvingunaraðgerðir taka til, sem settur er fram í I. viðauka við fyrrnefnda ákvörðun.
- 4) Því ber að breyta þeim listum sem settir eru fram í I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Fjarlægja ber þá aðila sem eru á lista í I. viðauka við ákvörðun þessa af listanum sem settur er fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.

2. gr.

Þær innfærslur sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun þessa komi í stað innfærslanna í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þær rekstrareiningar er um getur í II. viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Fjarlægja ber aðilana og rekstrareininguna, sem eru á lista í III. viðauka við ákvörðun þessa, af listanum sem settur er fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ og bæta þeim við listann sem settur er fram í I. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ, eins og honum er breytt með þeim innfærslum sem settar eru fram í III. viðauka við ákvörðun þessa.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2012.

Fyrir hönd ráðsins,
A. D. MAVROYIANNIS
forseti.

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

I. VIÐAUKI

Einstaklingar sem vísað er til í 1. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 709/2012, sbr. fylgiskjal 30.

II. VIÐAUKI**Rekstrareiningar sem vísað er til í 2. gr.**

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 709/2012, sbr. fylgiskjal 30.

III. VIÐAUKI**Einstaklingar og rekstrareining sem vísað er til í 3. gr.**

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 709/2012, sbr. fylgiskjal 30.

Fylgiskjal 19.**Ákvörðun ráðsins 2012/635/SSUÖ****frá 15. október 2012****um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 27. febrúar 2007 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2007/140/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran ⁽¹⁾ sem innleiddi ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 (2006).
- 2) Hinn 23. apríl 2007 var sameiginlegri afstöðu 2007/140/SSUÖ breytt með sameiginlegri afstöðu 2007/246/SSUÖ ⁽²⁾ til að innleiða ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1747 (2007). Ráðið breytti síðan enn frekar sameiginlegri afstöðu 2007/140/SSUÖ með því að samþykkja hinn 7. ágúst 2008 sameiginlega afstöðu 2008/652/SSUÖ ⁽³⁾ sem innleiddi ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1803 (2008).
- 3) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ ⁽⁴⁾ sem innleiddi ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1929 (2010) og felldi brott sameiginlega afstöðu 2007/140/SSUÖ.
- 4) Hinn 23. janúar 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/35/SSUÖ sem breytti ákvörðun 2010/413/SSUÖ með því að þvingunaraðgerðir gegn Íran voru hertar í ljósi þess að eðli kjarnorkuáætlunar Írans hefur ítrekað verið alvarlegt áhyggjuefni og farið vaxandi, einkum eftir að athuganir sýndu fram á að starfsemi Írans tengist þróun kjarnorkutækni til hernaðar eins og fram kemur í skýrslu Alþjóðakjarnorkumála-stofnunarinnar (IAEA). Þessar aðgerðir voru hertar enn frekar hinn 15. mars 2012 með ákvörðun 2012/152/SSUÖ ⁽⁵⁾.
- 5) Með hliðsjón af því að Íran tekur ekki af alvöru þátt í alþjóðlegum samningaviðræðum um áhyggjur af kjarnorkuáætlun landsins telur ráðið nauðsynlegt að samþykkja auknar þvingunaraðgerðir gegn Íran.
- 6) Í þessu sambandi er rétt að endurskoða bann við sölu, afhendingu eða tilfærslu til Írans á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um eftirlit með útflutningi, tilfærslu, miðlun og umflutningi hluta með tvíþætt notagildi ⁽⁶⁾, með tilliti til þess að telja með hluti sem mikilvægir eru fyrir iðnað sem er, beint eða óbeint, undir stjórn Íranska byltingarvarðarins eða gætu skipt máli fyrir kjarnorku-, hermála- og skotflaugaáætlun Írans, að teknu tilliti til þess að forðast verður ótilætluð áhrif á óbreytta borgara í Íran.
- 7) Ennfremur ber að leggja bann við kaupum, innflutningi og tilfærslu á jarðgasi frá Íran.
- 8) Auk þess ber að leggja bann við sölu, afhendingu eða tilfærslu til Írans á grafít og hrámálmum eða hálfunnum málmum, s.s. áli og stáli, og á hugbúnaði fyrir samþættingu iðnaðarferla í tengslum við iðnað sem er beint eða óbeint undir stjórn Íranska byltingarvarðarins eða skipta máli fyrir kjarnorku-, hermála- og skotflaugaáætlun Írans.
- 9) Leggja ber bann við sölu, afhendingu eða tilfærslu til Írans á lykilbúnaði og -tækni fyrir herskip til smíða, viðhalds eða standsetningar skipa.

- 10) Ennfremur skulu aðildarríkin ekki taka á sig nýjar skuldbindingar vegna fjárstuðnings við verslunarviðskipti við Íran. Þetta skal ekki hafa áhrif á fyrirbyggjandi skuldbindingar og ekki snerta viðskipti með matvörur, landbúnaðarvörur, lyf eða annað í mannúðarskyni.
- 11) Einnig ber að banna að aðildarríkin smíði eða taki þátt í smíði nýrra olíuflutningaskipa fyrir Íran.
- 12) Í því skyni að hindra yfirfærslu hvers kyns fjáreigna eða annarra eigna eða verðmæta sem gætu eflt starfsemi Írans á sviði kjarnorku, sem leitt gæti til fjölgunar kjarnavopna, eða þróun flauga, sem bera kjarnavopn, ber að banna viðskipti milli Evrópusambandsins og íranskra banka og fjármálastofnana, nema viðkomandi aðildarríki heimili það fyrirfram. Þetta skal ekki koma í veg fyrir viðskipti sem eru ekki bönnuð samkvæmt ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 13) Ennfremur ber að banna flöggunar- og flokkunarþjónustu við írönsk olíuflutningaskip og flutningaskip.
- 14) Leggja ber bann við afhendingu skipa sem hönnuð eru til flutnings eða geymslu olíu og olíuefnavara til íranskra einstaklinga og rekstrareininga eða til annarra einstaklinga og rekstrareininga í þeim tilgangi að flytja eða geyma íranska olíu og olíuefnavörur.
- 15) Auk þess skal bæta við ákvæðum um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs Seðlabanka Írans.
- 16) Loks skal bæta einstaklingum og rekstrareiningum í skrána yfir einstaklinga og rekstrareiningar sem falla undir þvingunaraðgerðir eins og þær eru settar fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ, einkum rekstrareiningar í eigu íranska ríkisins, sem starfa í olíu- og gasgeiranum, þar eð þær eru umtalsverð tekjulind fyrir íranska ríkið. Ennfremur skal fella tiltekna einstaklinga og rekstrareiningar brott úr þeirri skrá og bæta við færslu vegna einnar rekstrareiningar.
- 17) Nauðsyn ber til að Evrópusambandið aðhafist frekar til þess að tilteknar aðgerðir í ákvörðun þessari komi til framkvæmda.
- 18) Breyta ber ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. e

1. Lagt er bann við innflutningi, kaupum eða sölu á írönsku jarðgasi.

Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvarða viðeigandi hluti sem eiga að falla undir þetta ákvæði.

2. Lagt er bann við því að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjárhagslegar afleiður og váttryggingar og endurtryggingar og þjónusta verðbréfamíðlara í tengslum við váttryggingar og endurtryggingar, sem tengist innflutningi, kaupum eða flutningi á efnunum sem unnin eru úr írönsku jarðgasi.

3. Bannið í 1. mgr. hefur ekki áhrif á framkvæmd samninga um afhendingu á jarðgasi til aðildarríkis ESB frá öðrum ríkjum en Íran.“

- 2) Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr. b

1. Bannið skv. 1. mgr. 4. gr. hefur, fram til 15. apríl 2013, engin áhrif á efndir skuldbindingar sem tengist afhendingu vara sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 26. júlí 2010 eða 16. október 2012.

2. Bönnin, sem kveðið er á um í 4. gr., hafa, fram til 15. apríl 2013, engin áhrif á efndir skuldbindingar sem stafar af samningum sem gerðir eru fyrir 26. júlí 2010 eða 16. október 2012 og tengjast fjárfestingum sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríkjunum hafa stofnað til í Íran fyrir fyrrgreinda daga.

3. Bannið skv. 1. mgr. 4. gr. a hefur, fram til 15. apríl 2013, engin áhrif á efndir skuldbindingar sem tengist afhendingu vara sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 23. janúar 2012 eða 16. október 2012.

4. Bönnin skv. 6. gr. hafa, fram til 15. apríl 2013, engin áhrif á efndir skuldbindingar sem stafar af samningum sem gerðir eru fyrir 23. janúar 2012 eða 16. október 2012 og tengjast fjárfestingum sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríkjunum hafa stofnað til í Íran fyrir fyrrgreinda daga.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa engin áhrif á efndir þeirra skuldbindinga sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c, að því tilskildu að skuldbindingarnar stafi af þjónustusamningum eða fylgisamningum, sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þeirra, og að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi fyrirfram veitt heimild til efnda á þessum skuldbindingum. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um áform sín um að veita heimild.

6. Ákvæði 3. og 4. mgr. hafa engin áhrif á efndir þeirra skuldbindinga sem um getur í 2. mgr. 3. gr. d, að því tilskildu að skuldbindingarnar stafi af þjónustusamningum eða fylgisamningum, sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þeirra, og að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi fyrirfram veitt heimild til efnda á þessum skuldbindingum. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um áform sín um að veita heimild.“

3) Bætt er við eftirfarandi greinum:

„4. gr. e

1. Ríkisborgurum aðildarríkja er bannað að selja, afhenda eða tilfæra til Írans grafit og hrámalma eða hálfunna málma, s.s. ál eða stál, í tengslum við iðnað, sem er beint eða óbeint undir stjórn Íranska byltingarvarðarins eða er mikilvægur fyrir kjarnorku-, hermála- og skotflaugaáætlun Írans, eða að gera slíkt frá yferráðasvæðum aðildarríkjanna eða nota til þess skip eða loftför, sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna, óháð því hvort fyrrgreindir hlutir eru upprunnir á yferráðasvæðum þeirra eða ekki. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvarða viðeigandi hluti sem eiga að falla undir þetta ákvæði.

2. Lagt er bann við því:

- a) að útvega Íran tækniaðstoð eða -þjálfun og aðra þjónustu í tengslum við hlutina sem um getur í 1. mgr.,
- b) að útvega Íran fjármögnun eða fjárhagsaðstoð vegna hvers kyns sölu, afhendingar eða tilfærslu á hlutunum, sem um getur í 1. mgr., eða vegna tækniaðstoðar og -þjálfunar.

3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.

4. gr. f

Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr. e, hafa ekki áhrif, fram til 15. apríl 2013, á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 16. október 2012 eða fylgireikninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.

4. gr. g

1. Ríkisborgurum aðildarríkja er bannað að selja, afhenda eða tilfæra lykiltækjabúnað og -tækni fyrir herskip til smíða, viðhalds eða standsetningar skipa til Írans eða íranskra fyrirtækja eða fyrirtækja í eigu Írana, sem starfa á þessu sviði utan Írans, eða að gera slíkt frá yferráðasvæðum aðildarríkjanna eða að nota til þess skip eða loftför, sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna, óháð því hvort umræddur tækjabúnaður eða tækni er upprunnin á yferráðasvæðum þeirra eða ekki. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvarða viðeigandi hluti sem eiga að falla undir þetta ákvæði.

2. Bannið í 1. mgr. hefur ekki áhrif á afhendingu lykiltækjabúnaðar og -tækni fyrir herskip til skipa sem ekki eru í eigu eða undir stjórn Írana og hafa neyðst til að leita hafnar í Íran eða inn í landhelgi Írans vegna óviðráðanlegra atvika.

3. Lagt er bann við því:

- a) að útvega Íran tækniaðstoð eða -þjálfun og aðra þjónustu í tengslum við hlutina sem um getur í 1. mgr.,
- b) að útvega Íran fjármögnun eða fjárhagsaðstoð vegna hvers kyns sölu, afhendingar eða tilfærslu á hlutunum, sem um getur í 1. mgr., eða vegna tækniaðstoðar og -þjálfunar.

4. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn sem mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. eru sniðgengin.

4. gr. h

Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr. e, hafa ekki áhrif, fram til 15. febrúar 2013, á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 16. október 2012 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.

4. gr. i

1. Ríkisborgurum aðildarríkja er bannað að selja, afhenda eða tilfæra til Írans hugbúnað fyrir samþættingu iðnaðarferla í tengslum við iðnað, sem er beint eða óbeint undir stjórn Íranska byltingarvarðarins eða er mikilvægur fyrir kjarnorku-, hermála- og skotflaugaáætlun Írans, eða að gera slíkt frá yferráðasvæðum aðildarríkjanna eða að nota til þess skip eða loftför, sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna, óháð því hvort hugbúnaðurinn er upprunninn á yferráðasvæðum þeirra eða ekki. Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvarða viðeigandi hluti sem eiga að falla undir þetta ákvæði.

2. Lagt er bann við því:

- a) að útvega Íran tækniaðstoð eða -þjálfun og aðra þjónustu í tengslum við hlutina sem um getur í 1. mgr.,
- b) að útvega Íran fjármögnun eða fjárhagsaðstoð vegna hvers kyns sölu, afhendingar eða tilfærslu á hlutunum, sem um getur í 1. mgr., eða vegna tækniaðstoðar og -þjálfunar.

3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.

4. gr. j

Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr. i, hafa ekki áhrif, fram til 15. janúar 2013, á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 16. október 2012 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.“

4) Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu ekki taka á sig neinar nýjar skuldbindingar til skamms, meðallangs eða langs tíma til að veita fjárstuðning vegna viðskipta við Íran, þ.m.t. að veita ríkisborgurum sínum eða rekstrareiningum, sem stunda slík viðskipti, útflutningslán, ábyrgðir eða váttryggingar, né heldur skulu aðildarríki ábyrgjast eða endurtryggja þess háttar skuldbindingar.

5) Eftirfarandi grein bætist við:

„SMÍÐI OLÍUFLUTNINGASKIPA

8. gr. a

1. Lagt er bann við smíði eða þátttöku í smíði nýrra olíuflutningaskipa fyrir Íran eða fyrir íranska einstaklinga eða rekstrareiningar, með fyrirvara um 4. gr. g.

2. Lagt er bann við veitingu tækniaðstoðar og fjármagns eða fjárhagsaðstoðar til smíða á nýjum olíuflutningaskipum fyrir Íran eða fyrir íranska einstaklinga eða rekstrareiningar.“

6) Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Í því skyni að hindra yfirfærslu til, gegnum eða frá yferráðasvæðum aðildarríkja eða yfirfærslur til eða af hálfu ríkisborgara aðildarríkja, rekstrareininga, sem skipulagðar eru samkvæmt landslögum aðildarríkjanna (þ.m.t. útibú erlendis), eða aðila eða fjármálastofnana á yferráðasvæðum aðildarríkja, á hvers kyns fjáreignum eða öðrum eignum eða verðmætum sem gætu eftt starfsemi Írans á sviði kjarnorku, sem leitt gæti til fjölgunar kjarnavopna, eða þróun flauga, sem bera kjarnavopn, skulu fjármálastofnanir, sem heyra undir lögsögu Evrópu-sambandsins, ekki ganga til viðskipta eða halda áfram að taka þátt í hvers kyns viðskiptum við:

- a) banka með aðsetur í Íran, þ.m.t. Seðlabanki Írans,
- b) útibú og dótturfyrirtæki banka, sem hafa aðsetur í Íran, innan lögsögu aðildarríkjanna,
- c) útibú og dótturfyrirtæki banka, sem hafa aðsetur í Íran, utan lögsögu aðildarríkjanna,
- d) fjármálafyrirtæki, sem hafa ekki aðsetur í Íran en lúta stjórn einstaklinga og rekstrareininga, sem hafa aðsetur í Íran,

nema viðkomandi aðildarríki heimili slík viðskipti fyrirfram í samræmi 2. og 3. mgr.

2. Að því er varðar 1. mgr. mega viðkomandi aðildarríki heimila eftirfarandi viðskipti:

- a) viðskipti er varða matvæli, heilbrigðisþjónustu, lækningatæki eða eru til landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni,
- b) viðskipti er varða peningasendingar til einstaklinga,
- c) viðskipti er varða framkvæmd undanþága sem kveðið er á um í ákvörðun þessari,
- d) viðskipti í tengslum við sértæka viðskiptasamninga sem eru ekki bannaðir samkvæmt ákvörðun þessari,

- e) viðskipti, sem snerta sendiráð eða ræðisstofu eða alþjóðastofnun, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem ætlast er til að slík viðskipti séu notuð í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendiráðs, ræðisstofu eða alþjóðastofnunar.
- f) viðskipti, er varða greiðslu til fullnustu á kröfum gegn Íran, írönskum aðilum eða rekstrareiningum, í hverju tilviki fyrir sig og með fyrirvara um tilkynningu tíu dögum fyrir veitingu heimildarinnar og sambærileg viðskipti sem efla ekki þá starfsemi sem bönnuð er samkvæmt ákvörðun þessari.

Ekki er þörf á heimild eða tilkynningu vegna viðskipta sem falla undir a- til e-lið og eru undir 10.000 evrum.

3. Úrvinnsla á yfirfærslum fjármuna til Írans eða frá, þegar notuð er þjónusta íranskra banka og fjármálastofnana, sem um getur í 2. mgr., skal vera sem hér segir:

- a) yfirfærslur, sem stafa af viðskiptum, er varða matvæli, heilbrigðisþjónustu eða lækningatæki eða eru til landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni, undir 100.000 evrum, og yfirfærslur, er varða peningasingar til einstaklinga, undir 40.000 evrum, skulu framkvæmdar án fyrirframheimildar; yfirfærslan skal tilkynnt lögbæru stjórnvaldi viðkomandi aðildarríkis ef hún er yfir 10.000 evrum.
- b) yfirfærslur, sem stafa af viðskiptum, er varða matvæli, heilbrigðisþjónustu eða lækningatæki eða eru til landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni, yfir 100.000 evrum, og yfirfærslur, er varða peningasingar til einstaklinga, yfir 40.000 evrum, eru háðar fyrirframheimild lögbærs stjórnvalds viðkomandi aðildarríkis. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um sérhverja heimild sem veitt er,
- c) krafist er fyrirframheimildar lögbærs stjórnvalds viðkomandi aðildarríkis fyrir aðrar yfirfærslur yfir 10.000 evrum. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um sérhverja heimild sem veitt er,

4. Úrvinnsla á yfirfærslum fjármuna til og frá Íran, sem falla ekki innan gildissviðs 3. mgr., skal vera sem hér segir:

- a) yfirfærslur, sem stafa af viðskiptum, er varða matvæli, heilbrigðisþjónustu eða lækningatæki eða eru til landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni, skulu framkvæmdar án fyrirframheimildar; yfirfærslan skal tilkynnt lögbæru stjórnvaldi viðkomandi aðildarríkis ef hún er yfir 10.000 evrum.
- b) aðrar yfirfærslur undir 40.000 evrum skulu framkvæmdar án fyrirframheimildar; yfirfærslan skal tilkynnt lögbæru stjórnvaldi viðkomandi aðildarríkis ef hún er yfir 10.000 evrum.
- c) krafist er fyrirframheimildar lögbærs stjórnvalds viðkomandi aðildarríkis fyrir aðrar yfirfærslur yfir 40.000 evrum. Heimildin telst veitt innan fjögurra vikna nema lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis hafi hafnað því innan þeirra tímamarka. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um sérhverja heimild sem hafnað er.

5. Útibú og dótturfyrirtæki banka, sem aðsetur hefur í Íran, innan lögsögu aðildarríkjanna þurfa einnig að tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem þau hafa staðfestu, um allar yfirfærslur fjármuna, sem þau framkvæma eða taka við, innan fimm virkra daga frá framkvæmd eða viðtöku viðkomandi yfirfærslu fjármuna. Með fyrirvara um fyrirkomlag á upplýsingaskiptum skal lögbært stjórnvald án tafar senda upplýsingar um tilkynningarnar, eins og við á, til lögbærs stjórnvalds annarra aðildarríkja þar sem mótaðilar að slíkri yfirfærslu hafa staðfestu.“

7) Bætt er við eftirfarandi greinum:

„18. gr. a

Flöggunar- og flokkunarþjónusta, þ.m.t. hvers kyns skráningar- og auðkennisnúmer, við írönsk olíuflutningaskip og önnur írönsk flutningaskip er bönnuð ríkisborgurum aðildarríkjanna eða frá yfirráðasvæðum innan lögsögu þeirra frá og með 15. janúar 2013.

18. gr. b

1. Lagt er bann við afhendingu skipa, sem ætluð eru til flutninga eða geymslu á olíu og efnum, sem unnin eru úr jarðolíu eða jarðgasi, til íranskra einstaklinga, rekstrareininga eða stofnana.

2. Lagt er bann við að útveguð séu skip, sem hönnuð eru fyrir flutning eða geymslu á olíu og olíuefnavörum, til einstaklinga, rekstrareininga eða stofnana til flutnings eða geymslu á íranskri olíu og olíuefnavörum.“

3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.“

8) Eftirfarandi breyting er gerð á 20. gr.:

- a) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 1. liðar:

- „b) einstaklingar og rekstrareiningar, sem ekki er fjallað um I. viðauka, sem fást við, eru í beinum tengslum við eða styðja starfsemi Írans á sviði kjarnorku, sem leitt gæti til fjölgunar kjarnavopna, eða þróunar flauga, sem bera kjarnavopn, þ.m.t. með þátttöku í útvegum á bönnuðum hlutum, vörum, tækjum, efnum og tækniþekkingu, eða einstaklingar eða rekstrareiningar, sem starfa á þeirra vegum eða eftir þeirra fyrirmælum, eða rekstrareiningar sem eru í eigu eða undir þeirra stjórn, þ.m.t. með ólöglegum aðferðum, eða einstaklingar og rekstrareiningar, sem hafa aðstoðað tilgreinda einstaklinga eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta ákvæði ályktana Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) og nr. 1929 (2010) eða ákvörðunar þessarar, ásamt öðrum háttsettum einstaklingum og rekstrareiningum í Íranska byltingarverðinum og Skipafélagi Íslamska Lýðveldisins Íran (IRISL) og rekstrareiningum, sem þau eiga eða stjórna eða eru fulltrúar þeirra, eða veita þeim váttryggingu og aðra nauðsynlega þjónustu, eins og skráð er í II. viðauka.
- c) aðrir einstaklingar og aðrar rekstrareiningar, sem ekki er fjallað um í I. viðauka, sem styðja ríkisstjórn Írans, og rekstrareiningar, sem þær eiga eða stjórna, eða einstaklingar og rekstrareiningar, sem tengjast þeim, eins og skráð er í II. viðauka“.

b) Í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki:

- a) um millifærslu fjármuna eða efnahagslegs auðs, sem Seðlabanki Írans framkvæmir eða fer í gegnum hann, þegar slík millifærsla fer fram í því skyni að útvega fjármálastofnunum innan lögsögu aðildarríkja lausafé til fjármögnunar á viðskiptum,
- b) um endurgreiðslu frá eða gegnum Seðlabanka Írans á gjaldföllum kröfum samkvæmt samningi eða samkomulagi sem opinberar eða einkareknar rekstrareiningar gera áður en ákvörðun þessi er samþykkt,

að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi heimilað yfirfærsluna eða endurgreiðsluna.“

c) Ákvæði 8., 9. og 10. mgr. falli brott,

d) Í stað 11. mgr. komi eftirfarandi:

„11. Ákvæði 7. mgr. hafa ekki áhrif á 3. og 4. mgr., 4. mgr. a, 5. og 6. mgr. og 3. og 4. mgr. 10. gr.“

e) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„13. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um aðgerðir og viðskipti sem fara fram með tilliti til rekstrareininga, sem skráðar eru í II. viðauka og eiga rétt, sem rekja má til upprunalegrar gerðar fyrir 27. október 2010, frá annarri sjálfstæðri ríkisstjórn en ríkisstjórn Írans, í samkomulagi um sameiginlega gasframleiðslu, að því tilskildu að slíkar aðgerðir og viðskipti tengist þátttöku þessara rekstrareininga í því samkomulagi.

14. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um aðgerðir og viðskipti sem fara fram með tilliti til rekstrareininga, sem skráðar eru í II. viðauka, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er fyrir efndir skuldbindinganna, fram til 31. desember 2014, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr. c, að því tilskildu að fyrir þeim aðgerðum og viðskiptum hafi í hverju einstöku tilviki fengist fyrirframheimild viðkomandi aðildarríkis. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um áform sín um að veita heimild.“

2. gr.

Ákvæðum II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 15. október 2012.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ASHTON

forseti.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 61, 28.2.2007, bls. 49.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 106, 24.4.2007, bls. 67.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 58.

- (⁴) Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.
(⁵) Stjtið. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 18.
(⁶) Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1.

VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 945/2012 frá 15. október 2012 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 varðandi þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 31.

Fylgiskjal 20.

Ákvörðun ráðsins 2012/687/SSUÖ

frá 6. nóvember 2012

um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran (¹), einkum 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 2) Færa ber tiltekna rekstrareiningu til viðbótar á lista yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir, sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ, taka til,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Bæta skal þeirri rekstrareiningu sem skráð er í viðaukanum við ákvörðun þessa við B-lið I. hluta listans sem er settur fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2012.

Fyrir hönd ráðsins,

A. D. MAVROYIANNIS

forseti.

VIÐAUKI

Rekstrareiningar sem vísað er til í 1. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 1016/2012 frá 6. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 varðandi þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 32.

(¹) Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

Fylgiskjal 21.**Ákvörðun ráðsins 2012/829/SSUÖ****frá 21. desember 2012****um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ (¹).
- 2) Fella ber ákvæði um aukið eftirlit með allri starfsemi fjármálastofnunum innan Evrópusambandsins í tengslum við íranskar fjármálastofnanir inn í ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 3) Auk þess skal einnig breyta ákvæði ákvörðunar 2010/413/SSUÖ um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs.
- 4) Ennfremur ber að setja fleiri aðila og rekstrareiningar á listann yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til eins og fram kemur í II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ, tiltekna rekstrareiningar skal fjarlægja af fyrrnefndum lista og breyta ber færslum viðvíkjandi tilteknum rekstrareiningum.
- 5) Því ber að breyta ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerða á ákvörðun 2010/413/SSUÖ:

- 1) Í 10. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„3a. Fjármálastofnanir skulu, þegar þær stunda starfsemi sem tengist bönkum og fjármálafyrirtækjum, sbr. 1. mgr.:

- a) sýna stöðuga árvekni að því er varðar hreyfingar á reikningum, m.a. fyrir tilverksað áætlana sinna um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna og eins og þeim ber að gera samkvæmt skuldbindingum sínum varðandi peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi,
- b) gera kröfu um að útfylltir séu allir upplýsingareitir í greiðslufyrirmælum sem varða sendanda og viðtakanda í þeim viðskiptum sem um ræðir og hafna viðskiptunum séu fyrrnefndar upplýsingar ekki veittar,
- c) varðveita öll skráð gögn um viðskipti í fimm ár og veita landsyfirvöldum aðgang að þeim sé þess óskað,
- d) hafi þær grunsemdir um eða réttmæta ástæðu til að ætla að fjármunir tengist fjármögnun á útbreiðslu kjarnstarfsemi, tilkynna tafarlaust grunsemdir sínar til Peningaþvættisskrifstofunnar (FIU) eða annars lögbærs stjórnvalds sem hlutaðeigandi aðildarríki tilgreinir. Peningaþvættisskrifstofan eða annað sambærilegt lögbært stjórnvald skal hafa tímanlega aðgang, með beinum eða óbeinum hætti, að fjármálaupplýsingum og stjórnsýslu- og löggæsluupplýsingum, sem henni eða því eru nauðsynlegar til þess að geta sinnt þessu verkefni á réttan hátt, þ.m.t. greining á skýrslum um grunsamleg viðskipti.“

- 2) Eftirfarandi komi í stað b-liðar 1. mgr. 20. gr.:

„b) aðilar og rekstrareiningar, sem ekki er fjallað um I. viðauka, sem fást við, eru í beinum tengslum við eða styðja starfsemi Írans á sviði kjarnorku, sem leitt gæti til fjölgunar kjarnavopna, eða þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, m.a. með þátttöku í öflun bannaðra hluta, vara, tækja, efna og tækni, eða aðilar eða rekstrareiningar sem starfa á þeirra vegum eða eftir þeirra fyrirmælum eða rekstrareiningar sem eru í eigu eða lúta yfirráðum þeirra, m.a. eftir ólöglegum leiðum, eða aðilar og rekstrareiningar, sem hafa aðstoðað tilgreinda aðila eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta ákvæði ályktana öryggisráðs SP 1737 (2006), 1747 (2007), 1803 (2008) og 1929 (2010) eða ákvörðunar þessarar, einnig aðrir meðlimir og rekstrareiningar innan Íranska byltingarvarðarins og Skipafélags Íslamska lýðveldisins Írans (IRISL) og rekstrareiningar sem eru í eigu eða lúta yfirráðum þeirra eða sem koma fram fyrir þeirra hönd eða láta þeim í té váttryggingu eða aðra nauðsynlega þjónustu, sbr. lista í II. viðauka.“

2. gr.

II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 2012.

Fyrir hönd ráðsins,
A. D. MAVROYIANNIS
forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1264/2012 frá 21. desember 2012 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 35.

Fylgiskjal 22.

Ákvörðun ráðsins 2013/270/SSUÖ frá 6. júní 2013 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.

I. og II. viðaukum við ákvörðun 2010/413/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun (útdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í XIII. og IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 522/2013 frá 6. júní 2013 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 36.

Fylgiskjal 23.

Ákvörðun ráðsins 2013/497/SSUÖ frá 10. október 2013 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ ⁽¹⁾.
- 2) Aðlaga ætti tilgreiningarviðmiðanir, að því er varðar ferðatakmarkanir til Sambandsins og frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs, sem taka til aðila og rekstrareininga, sem hafa aðstoðað tilgreinda aðila eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta ákvæði viðeigandi ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða ákvörðunar 2010/413/SSUÖ, þannig að þær taki einnig til aðila og rekstrareininga sem sjálf hafa sniðgengið eða brotið þessi ákvæði.
- 3) Því ber að breyta ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2010/413/SSUÖ:

1) Í stað b-liðar 1. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„b) aðrir aðilar, sem I. viðauki tekur ekki til, sem fást við, eru í beinum tengslum við eða ýta undir útbreiðslu kjarnstarfsemi Írans eða þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn, þ.m.t. með þátttöku í innkaupum á bönnuðum hlutum, vörum, tækjabúnaði, efnum og tækni, eða aðilar, sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða aðilar, sem hafa sniðgengið eða brotið eða aðstoðað tilgreinda aðila eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta ákvæði ályktana öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008) og nr. 1929 (2010) eða ákvörðunar þessarar, ennfremur aðrir meðlimir í Íranska byltingarverðinum (IRGC) og aðilar sem starfa á vegum hans eða Skipafélags Íslamska Lýðveldisins Írans (IRISL), og aðilar sem láta IRGC og IRISL, eða rekstrareiningum sem eru í þeirra eigu eða sem láta yfirráðum þeirra eða koma fram fyrir þeirra hönd, í té váttryggingu eða aðra nauðsynlega þjónustu, sbr. lista í II. viðauka.“

2) Í stað b-liðar 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„b) aðila og rekstrareininga, sem I. viðauki tekur ekki til, sem fást við, eru í beinum tengslum við eða ýta undir útbreiðslu kjarnstarfsemi Írans eða þróun Írans á burðarkerfum fyrir kjarnavopn, m.a. með þátttöku í innkaupum á bönnuðum hlutum, vörum, tækjabúnaði, efnum og tækni, eða aðila eða rekstrareininga, sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða rekstrareininga, sem eru í eigu eða láta stjórn þeirra, m.a. með ólöglegum hætti, eða aðila og rekstrareininga sem hafa sniðgengið eða brotið eða aðstoðað tilgreinda aðila eða rekstrareiningar við að sniðganga eða brjóta ákvæði ályktana öryggisráðs SP 1737 (2006), 1747 (2007), 1803 (2008) og 1929 (2010) eða ákvörðunar þessarar, ennfremur annarra meðlima og rekstrareininga innan Íranska byltingarvarðarins (IRGC) og Skipafélags Íslamska Lýðveldisins Írans (IRISL) og rekstrareininga sem eru í eigu eða sem láta yfirráðum þeirra eða aðila og rekstrareininga sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðila og rekstrareininga sem láta þeim, eða rekstrareiningum í þeirra eigu eða sem láta yfirráðum þeirra eða koma fram fyrir þeirra hönd, í té váttryggingu eða aðra nauðsynlega þjónustu, sbr. lista í II. viðauka.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 10. október 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

R. SINKEVIČIUS

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39).

Fylgiskjal 24.

**Ákvörðun ráðsins 2013/661/SSUÖ
frá 15. nóvember 2013
um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun (útdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1154/2013 frá 15. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 38.

Fylgiskjal 25.

**Ákvörðun ráðsins 2013/685/SSUÖ
frá 26. nóvember 2013
um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun (útdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1203/2013 frá 26. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran sbr. fylgiskjal 39.

Fylgiskjal 26.

**Ákvörðun ráðsins 2014/21/SSUÖ
frá 20. janúar 2014
um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.
- 2) Hinn 24. nóvember 2013 komust Kína, Frakkland, Þýskaland, Rússneska sambandsríkið, Breska konungsríkið og Bandaríkin, með stuðningi æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, að samkomulagi við Íran um sameiginlega framkvæmdaáætlun þar sem sett er fram nálgun sem miðar að því að finna heildarlausn til langs tíma í kjarnorkumálum Írans. Samþykkt var að fyrsta skrefið í átt að þessari heildarlausn fæli í sér, til þess að byrja með, ráðstafanir, sem báðir aðilar samþykktu að gera til sex mánaða og sem endurnýja mætti með gagnkvæmu samþykki aðila.
- 3) Hluti af þessu fyrsta skrefi er að Íran geri, af frjálsum vilja, ýmsar ráðstafanir sem skilgreindar eru í sameiginlegu framkvæmdaáætluninni. Á móti yrðu gerðar ýmsar ráðstafanir af frjálsum vilja sem myndu fela í sér, fyrir Evrópusambandið, tímabundna niðurfellingu þvingunaraðgerða varðandi bannið við að veita tryggingar og endurtryggingar og við flutningi á íranskri hráolíu, bannið við innflutningi, kaupum eða flutningi á írönskum olíuefnavörum og við því að veita tengda þjónustu og bannið við verslunarviðskiptum með gull og eðalmálma við ríkisstjórn Írans, opinberar stofnanir hennar og Seðlabanka Írans eða aðila og rekstrareiningar sem starfa á þeirra vegum. Tímabundin niðurfelling þessara þvingunaraðgerða á að vera til sex mánaða, en á þeim tíma yrði að framkvæma viðkomandi samninga.
- 4) Samkvæmt sameiginlegu framkvæmdaáætluninni skal ennfremur hækka tífalt mörkin vegna heimilda fyrir millifærslum fjármuna til og frá Íran.

- 5) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hringa tilteknum aðgerðum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, í framkvæmd.
- 6) Því ber að breyta ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í ákvörðun 2010/413/SSUÖ bætist eftirfarandi grein við:

„26. gr. a

1. Bannið, sem tilgreint er í 1. mgr. 3. gr. a, fellur tímabundið úr gildi til 20. júlí 2014 að því leyti sem það varðar flutning á franski hráolíu.
2. Bannið, sem tilgreint er í 2. mgr. 3. gr. a, fellur tímabundið úr gildi til 20. júlí 2014 að því leyti sem það varðar ákvæðin um tryggingu og endurtryggingu, í tengslum við innflutning, kaup eða flutning á íranskri hráolíu.
3. Bannið, sem tilgreint er í 3. gr. b, fellur tímabundið úr gildi til 20. júlí 2014.
4. Bannið, sem tilgreint er í 4. gr. c, fellur tímabundið úr gildi til 20. júlí 2014 að því leyti sem það varðar gull og eðalmálma.
5. Eftirfarandi liðir komi í stað a-, b- og c-liðar 3. mgr. 10. gr. til 20. júlí 2014:
 - „a) yfirfærslur, sem stafa af viðskiptum, er varða matvæli, heilbrigðisþjónustu eða lækningatæki eða eru til landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni sem eru undir 1.000.000 evrum og yfirfærslur, er varða peningasendingar til einstaklinga, sem eru undir 400.000 evrum, skulu framkvæmdar án fyrirframheimildar. Yfirfærslan skal tilkynnt lögbæru stjórnvaldi viðkomandi aðildarríkis ef hún er yfir 10.000 evrum,
 - b) yfirfærslur, sem stafa af viðskiptum, er varða matvæli, heilbrigðisþjónustu eða lækningatæki eða eru til landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni, yfir 1.000.000 evrum, og yfirfærslur, er varða peningasendingar til einstaklinga, yfir 400.000 evrum, eru háðar fyrirframheimild lögbærs stjórnvalds viðkomandi aðildarríkis. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um sérhverja heimild sem veitt er,
 - c) krafist er fyrirframheimildar lögbærs stjórnvalds viðkomandi aðildarríkis fyrir aðrar yfirfærslur yfir 100.000 evrum. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um sérhverja heimild sem veitt er,“
6. Eftirfarandi liðir komi í stað b- og c-liðar 4. mgr. 10. gr. til 20. júlí 2014:
 - „b) aðrar millifærslur undir 400.000 evrum skulu framkvæmdar án fyrirframheimildar. yfirfærslan skal tilkynnt lögbæru stjórnvaldi viðkomandi aðildarríkis ef hún er yfir 10.000 evrum,
 - c) krafist er fyrirframheimildar lögbærs stjórnvalds viðkomandi aðildarríkis fyrir aðrar yfirfærslur yfir 400.000 evrum. Heimildin telst veitt innan fjögurra vikna nema lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis hafi hafnað því innan þeirra tímamarka. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um sérhverja heimild sem hafnað er.“
7. Bönnin, sem tilgreind er í 18. gr. b, falla tímabundið úr gildi til 20. júlí 2014.
8. Bönnin, sem tilgreind er í b- og c-lið 1. mgr. 20. gr. og í 2. mgr. 20. gr., fyrir ráðuneyti jarðolíumála, skráð í II. viðauka, falla tímabundið úr gildi til 20. júlí 2014, að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, til 20. júlí 2014, á samningum um innflutning eða kaup á olíuefnavörum frá Íran.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 20. janúar 2014.

Fyrir hönd ráðsins,
C. ASHTON
forseti.

(¹) Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

Fylgiskjal 27.**Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012****frá 23. mars 2012****um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/35/SSUÖ (sameiginleg stefna í utanríkis- og öryggismálum) frá 23. janúar 2012 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá talsmanni sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 25. október 2010 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 961/2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 423/2007 ⁽²⁾, til framkvæmdar reglugerð ráðsins 2010/413/SSUÖ ⁽³⁾.
- 2) Hinn 23. janúar 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/35/SSUÖ þar sem kveðið er á um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska Lýðveldinu Íran („Íran“), eins og leiðtogaráðið fór fram á 9. desember 2011.
- 3) Fyrirnefndar þvingunaraðgerðir fela einkum í sér viðbótarþvingunaraðgerðir vegna verslunarviðskipta með vörur og tækni með tvíþætt notagildi og vegna undirstöðubúnaðar og -tækni sem unnt væri að nota í olíuefnaíðnaði, bann við innflutningi á íranskri hráolíu, jarðolíuafurðum og olíuefnavörum, auk banns við fjárfestingu í olíuefnaíðnaði. Ennfremur ber að banna verslunarviðskipti við stjórnvöld í Íran með gull, eðalmálma og demanta og afhendingu nýprentaðra peningaseðla og myntar til, eða til hagsbóta fyrir, Seðlabanka Írans.
- 4) Þá hefur og reynst nauðsynlegt að gera tiltekna tæknilegar breytingar á þeim aðgerðum sem í gildi eru. Skýra ber sérstaklega skilgreiningu hugtaksins „miðlunarþjónusta“. Í þeim tilvikum þegar lögbært stjórnvald getur heimilað kaup, sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á vörum og tækni eða á fjármála- og tækniþjónustu mun ekki verða gerð krafa um sérstaka heimild fyrir miðlunarþjónustu.
- 5) Víkka ber skilgreiningu hugtaksins „millifærsla fjármuna“ til þess að hún taki til órafrænna millifærslna, í því skyni að koma í veg fyrir tilraunir til að skjóta sér undan þvingunaraðgerðunum.
- 6) Endurskoðaðar þvingunaraðgerðir viðvíkjandi vörum með tvíþætt notagildi ættu að taka til allra vara og tækni er um getur í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að koma á fót Bandalagskerfi um eftirlit með útflutningi, tilfærslu, miðlun og viðkomu hluta með tvíþætt notagildi ⁽⁴⁾, að undanskildum tilteknum hlutum í 5. flokki 2. hluta þess viðauka, í ljósi notkunar þeirra í opinberri samskiptaþjónustu í Íran. Engu að síður gilda bönnin í 2. gr. reglugerðar þessarar ekki um sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á vörum og tækni sem nýlega hafa verið skráðar í I. eða II. viðauka við reglugerð þessa og lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum hafa þegar veitt heimild fyrir skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 961/2010, áður en reglugerð þessi öðlaðist gildi.
- 7) Til þess að tryggja megi skilvirka framkvæmd bannsins við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi á tilteknum undirstöðutækjabúnaði eða -tækni til Írans, sem hægt væri að nota innan grunnsviða olíu-, jarðgas- og olíuefnaíðnaðar, skal leggja fram lista yfir slíkan undirstöðutækjabúnað og -tækni.
- 8) Af sömu ástæðu skal einnig leggja fram lista yfir hluti sem falla undir þvingunaraðgerðir vegna verslunarviðskipta með hráolíu og jarðolíuafurðir, olíuefnavörur, gull, eðalmálma og demanta.
- 9) Að auki og til þess að þær virki skulu þvingunaraðgerðir vegna fjárfestinga í írönskum olíu- og gasiðnaði ná til tiltekkinnar grunnstarfsemi, eins og flutningsþjónustu gass í lausu máli vegna gegnumflutnings eða afhendingar til beint samtengdra dreifikerfa og af sömu ástæðu skulu þær gilda um fyrirtæki um samrekstur og annars konar samlög og um samvinnu við Íran á sviði jarðgassflutnings.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 19, 24.1.2012, bls. 22.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 281, 27.10.2010, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1.

- 10) Ef þvingunaraðgerðir vegna íranskra fjárfestinga innan Evrópusambandsins eiga að skila árangri er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að banna einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum, sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna, að gera slíkar fjárfestingar framkvæmanlegar eða heimila þær.
- 11) Með ákvörðun 2012/35/SSUÖ er eignafyrsting einnig útvíkkuð þannig að hún nái einnig til aðila, rekstrareininga eða stofnana sem veita ríkisstjórn Írans stuðning, m.a. í formi fjárhagsaðstoðar, skipulagsaðstoðar og efnislegrar aðstoðar, eða tengjast henni. Ákvörðunin útvíkkar einnig frystingaraðgerðirnar þannig að þær nái til annarra meðlima Íslamska byltingarvarðarins (IRGC).
- 12) Þá er í ákvörðun 2012/35/SSUÖ kveðið á um frystingu eigna Seðlabanka Írans. Hins vegar, með tilliti til hugsanlegrar þátttöku Seðlabanka Írans í fjármögnun utanríkisviðskipta, er talið nauðsynlegt að veita undanþágur, þar eð þessari markvissu fjárhagslegu þvingunaraðgerð er ekki ætlað að koma í veg fyrir verslunarviðskipti, þ.m.t. samningar varðandi matvæli, heilsugæslu, lækningatæki eða í mannúðarskyni sbr. ákvæði reglugerðar þessarar. Undanþágurnar í 12. og 14. gr. reglugerðar þessarar vegna samninga um innflutning, kaup eða flutning íranskrar hráolíu, jarðolíuafurða og olíuefnavara, sem gerðir eru fyrir 23. janúar 2012, gilda einnig um fylgisamninga, þ.m.t. samningar um flutninga, tryggingar eða skoðun sem eru nauðsynlegir til framkvæmdar slíkum samningum. Þá ber að líta svo á að írönsk hráolía, jarðolíuafurðir og olíuefnavörur, sem eru flutt löglega inn til aðildarríkis samkvæmt undanþágunum í 12. og 14. gr. reglugerðar þessarar, séu í frjálsri dreifingu innan Evrópusambandsins.
- 13) Óheimilt er, samkvæmt þeirri skyldu að frysta eignir Skipafélags Íslamska lýðveldisins Írans (IRISL) og rekstrareininga sem eru í eigu eða undir stjórn IRISL, að lesta og afferma skip í eigu IRISL eða skip sem það félag leigir eða skip sem fyrrnefndar rekstrareiningar eiga eða leigja, í höfnum aðildarríkjanna. Ennfremur er lagt bann við yfirfærslu eignarréttar á skipum, sem fyrirtæki IRISL eiga, stjórna eða leigja, til annarra rekstrareininga í samræmi við ákvæði um frystingu eigna IRISL. Engu að síður felur sú skylda að frysta fjármuni og efnahagslegan auð IRISL og rekstrareininga, sem eru í eigu eða undir stjórn IRISL, hvorki í sér haldlagningu eða kyrrsetningu skipa í eigu fyrrnefndra rekstrareininga eða farms, sem þau skip flytja, tilheyri sá farmur þriðju aðilum, né að kyrrsetja beri áhafnir sem hafa ráðningarsamninga við þær.
- 14) Með tilliti til tilrauna Írans til að skjóta sér undan refsiaðgerðunum skal skýrt vera að frysta ber án tafar alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, vörslu eða undir stjórn aðila, rekstrareininga eða stofnana, sem eru á listum í I. eða II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ, þ.m.t. rekstrareiningar sem taka við starfsemi þeirra og stofnaðar eru í þeim tilgangi að sniðganga þær þvingunaraðgerðir sem settar eru fram í reglugerð þessari.
- 15) Ennfremur ber að skýra að sending og áframsending nauðsynlegra skjala til banka vegna endanlegrar tilfærslu þeirra til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er ekki færð á lista, í því skyni að koma greiðslum af stað, sem eru heimilær samkvæmt reglugerð þessari, felur ekki í sér að fjármunir verði gerðir aðgengilegir í skilningi reglugerðar þessarar.
- 16) Skýra ber að unnt sé að affrysta fjármuni eða efnahagslegan auð til notkunar í opinberum tilgangi af hálfu sendiráða eða ræðisstofa eða alþjóðastofnana, sem njóta friðhelgi að þjóðarétti, í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.
- 17) Þróa ber enn frekar, í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, hvernig veitendur sérhæfðrar sendingarþjónustu á sviði fjármála beita markvissum fjármálaaðgerðum. Skýra ber að eignir aðila, rekstrareininga eða stofnana, sem ekki eru tilgreindir eða tilgreindar og eru í vörslu tilgreindra lána- og fjármálastofnana, skuli ekki frystar áfram þegar markvissar, fjárhagslegar aðgerðir koma til framkvæmda og að unnt sé að affrysta þær samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Með tilliti til tilrauna Írans til þess að nota fjármálakerfi sitt í því skyni að skjóta sér undan refsiaðgerðunum, er nauðsynlegt að krefjast aukinnar árvekni í tengslum við starfsemi lána- og fjármálastofnana Írans, þannig að koma megi í veg fyrir að farið sé í kringum ákvæði reglugerðar þessarar, m.a. um frystingu eigna Seðlabanka Írans. Ofangreindar auknar kröfur um árvekni vegna lána- og fjármálastofnana koma til viðbótar nágildandi skuldbindingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1781/2006 frá 15. nóvember 2006 um upplýsingar um greiðanda sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna ⁽¹⁾ og þeim sem leiðir af framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 8.12.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

- 18) Endurskoða skal tiltekin ákvæði um eftirlit með millifærslu fjármuna til að auðvelda lögbærum stjórnvöldum og rekstraraðilum beitingu þeirra og til að koma í veg fyrir að farið sé í kringum ákvæði reglugerðar þessarar, m.a. um frystingu eigna Seðlabanka Írans.
- 19) Auk þess skal laga eftir aðstæðum takmarkanir á tryggingum, einkum til þess að skýra að tryggingar sendiráða og ræðisstofa innan Evrópusambandsins séu heimilar og til að gera ábyrgðatryggingar eða umhverfisábyrgðatryggingar mögulegar.
- 20) Þá ber að uppfæra kröfuna um að senda upplýsingar fyrir komu eða brottför, þar eð sú skylda gildir nú almennt um allar vörur, sem eru fluttar inn á eða út af tollsvæði Evrópusambandsins, eftir að öryggisráðstafanir vegna tolla samkvæmt viðeigandi ákvæðum um yfirlitsskýrslur við innkomu og brottflutning í reglugerð (EBE) nr. 2913/92 ⁽¹⁾ og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/93 komu að fullu til framkvæmda frá og með 1. janúar 2012 ⁽²⁾.
- 21) Þá ber einnig að gera breytingar varðandi þjónustu á sviði eldsneytistöku og þjónustu birgja við skip, ábyrgð rekstraraðila og bann við því að fara í kringum viðeigandi þvingunaraðgerðir.
- 22) Endurskoða ber fyrirkomulag upplýsingaskipta milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar til þess að tryggja megi skilvirka framkvæmd og samhljóða túlkun reglugerðar þessarar.
- 23) Kveða ber á um bannið við tækjabúnaði sem nota mætti til bælingar innanlands, að teknu tilliti til markmiðanna með því, í reglugerð (ESB) nr. 359/2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum með tilliti til ástandsins í Íran ⁽³⁾ frekar en í reglugerð þessari.
- 24) Fyrir skýrleika sakir ber að fella reglugerð (ESB) nr. 961/2010 úr gildi og í hennar stað komi reglugerð þessi.
- 25) Þvingunaraðgerðir þær sem kveðið er á um í reglugerð þessari falla undir gildissvið sáttmálans um starfs hætti Evrópusambandsins og því er löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggj sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 26) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til ávirks úrræðis og sanngjarnra réttarhald, rétturinn til eignar og rétturinn til verndar persónuupplýsinga. Beita ber ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 27) Með reglugerð þessari eru einnig virtar skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og lagalega bindandi eigindir ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.
- 28) Verklag við að tilgreina aðila, sem frysting fjármuna tekur til samkvæmt reglugerð þessari, ætti jafnframt að fela í sér að kynna tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum forsendur fyrir færslu á lista, til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða séu ný, traust gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi fyrrnefndra athugasemda og upplýsa hlutaðeigandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.
- 29) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að skapa sem mesta réttarvissu innan Evrópusambandsins skal birta nöfn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta, um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem nauðsynlegt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Vinnsla persónuupplýsinga um einstaklinga samkvæmt reglugerð þessari skal vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁴⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁵⁾.
- 30) Til þess að tryggja að þær aðgerðir sem kveðið er á um í reglugerð þessari skili árangri skal hún öðlast gildi þann dag sem hún er birt,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.
⁽³⁾ Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 1.
⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

I. KAFLI
SKILGREININGAR

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér greinir:

- a) „útibú“ fjármála- eða lánastofnunar merkir starfsstöð sem lögum samkvæmt er háð fjármála- eða lánastofnun og annast, með beinum hætti, öll eða sum viðskipti sem fjármála- eða lánastofnanir stunda,
- b) „miðlunarþjónusta“ merkir:
 - i. að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, þ.m.t. frá þriðja landi til annars þriðja lands eða
 - ii. að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, m.a. þegar þær eða hún er staðsett í þriðja landi og færa á þær eða hana til annars þriðja lands,
- c) „krafa“ merkir kröfu, hvort sem staðið er fast á henni í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og felur einkum í sér:
 - i. kröfu um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,
 - ii. kröfu um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,
 - iii. bótakröfu í tengslum við samning eða viðskipti,
 - iv. gagnkröfu,
 - v. kröfu um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með exequatur, dóms, úrskurðar gerðardóms eða jafngildirar ákvörðunar, óháð því hvar hann eða hún er kveðinn upp eða tekin,
- d) „samningur eða viðskipti“ merkir hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um ræðir einn eða fleiri samninga eða ámóta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,
- e) „lögbær stjórnvöld“ merkir lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem talin eru upp í X. viðauka,
- f) „lánastofnun“ merkir lánastofnun, sbr. skilgreiningu í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ⁽¹⁾, þ.m.t. útibú þeirra innan eða utan Evrópusambandsins,
- g) „tollsvæði Evrópusambandsins“ merkir svæði eins og það er skilgreint í 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins ⁽²⁾ og í reglugerð framkvæmda- stjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 ⁽³⁾,
- h) „efnahagslegur auður“ merkir hvers kyns eignir, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að komast yfir fjármuni, vörur eða þjónustu,
- i) „fjármálastofnun“ merkir:
 - i. fyrirtæki, annað en lánastofnun, sem rekur starfsemi af einni eða fleiri gerðum, sem fjallað er um í 2. til 12. lið og 14. og 15. lið í I. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, þ.m.t. starfsemi gjaldeyrismiðlana (bureaux de change),
 - ii. tryggingafélag sem hefur fullt umboð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþólsáætlun II) ⁽⁴⁾, svo fremi það annist þá starfsemi sem sú tilskipun tekur til,
 - iii. fjárfestingafyrirtæki sbr. skilgreiningu í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ⁽⁵⁾,
 - iv. fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem markaðssetur hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf eða
 - v. váttryggingamiðlara, sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga ⁽⁶⁾, að undanskildum miðlurum, sem um getur í 7. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, þegar þeir starfa á sviði líftrygginga og annarrar þjónustu sem tengist fjárfestingum, þ.m.t. útibú hans innan eða utan Evrópusambandsins,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.

- j) „fyrsting efnahagslegs auðs“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
- k) „fyrsting fjármuna“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar flutning, millifærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. eignastýring,
- l) „fjármunir“ merkir hvers kyns fjáreignir og ágóða, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
- i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
 - ii. inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
 - iii. verðbréf eða skuldaskjöl, sem verslað er með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréf, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggð skuldabréf og afleiðusamninga,
 - iv. vexti, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - v. lánsviðskipti, rétt til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - vi. kreditbréf, farmbréf, sölusamninga og vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni.
- m) „vörur“ tekur til framleiðsluvara, efna og tækjabúnaðar,
- n) „váttrygging“ merkir formlegt loforð eða skuldbindingu þar sem einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðili eða lögaðilar eru skuldbundnir, gegn greiðslu og verði áhætta sem váttryggingin tekur til að veruleika, til að bjóða einum eða fleiri aðilum öðrum skaðabætur eða ávinning samkvæmt hinu formlega loforði eða skuldbindingu,
- o) „íranskur aðili, rekstrareining eða stofnun“ merkir:
- i. ríkið Íran eða opinbert yfirvald þess,
 - ii. sérhvern einstakling í Íran eða einstakling sem er búsettur þar,
 - iii. sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hefur skráða skrifstofu í Íran,
 - iv. sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan Írans, sem er í eigu eða undir beinni eða óbeinni stjórn eins eða fleiri ofangreindra aðila eða stofnana,
- p) „endurtrygging“ merkir starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem váttryggingafélag eða annað endurtryggingafélag afsalar sér eða, sé um samtök tryggingasala að ræða sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's, starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem félagi í Lloyd's afsalar sér eða váttryggingafélag eða endurtryggingafélag, annað en samtök tryggingasala sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's,
- q) „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“ merkir nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót eftir ákvæðum 18. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 frá 2006,
- r) „tæknileg aðstoð“ merkir hvers kyns tæknilegan stuðning í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald, eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu, án tillits til þess hvort aðstoðin er í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu þekkingar eða kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu; tæknileg aðstoð getur einnig verið munnleg,
- s) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“ merkir þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra,
- t) „millifærsla fjármuna“ merkir:
- i. hvers konar viðskipti, sem fara fram fyrir hönd greiðanda fyrir tilstilli greiðslumiðlunar með raf-rænum hætti, í því skyni að viðtakandi greiðslu geti nálgast fjármuni hjá greiðslumiðlun, án tillits til þess hvort greiðandi og viðtakandi greiðslu séu einn og sami aðili. Hugtökin greiðandi, viðtakandi greiðslu og greiðslumiðlun hafa sömu merkingu og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum ⁽¹⁾,
 - ii. hvers konar viðskipti sem fara fram órafrænt, svo sem með reiðufé, ávísun eða greiðslufyrirmælum, með það í huga að gera fjármuni aðgengilega fyrir viðtakanda greiðslu án tillits til þess hvort greiðandi og viðtakandi greiðslu séu sami aðilinn.

II. KAFLI

TAKMARKANIR Á ÚTFLUTNINGI OG INNFLUTNINGI

2. gr.

1. Bannað er að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, beint eða óbeint, vörur og tækni, er um getur í I. eða II. viðauka, til íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða til notkunar í Íran, hvort sem þær eða hún er upp-runnin í Evrópusambandinu eður ei.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

2. I. viðauki skal taka til vara og tækni, þ.m.t. hugbúnaður, sem hafa tvíþætt notagildi eða eru tækni eins og hún er skilgreind í reglugerð (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009, að undanskildum tilteknum vörum og tækni eins og tilgreint er í A-hluta I. viðauka við reglugerð þessa.
3. II. viðauki skal taka til annarra vara og gætu stuðlað að starfsemi Írana á sviði auðgunar, endurvinnslu eða framleiðslu á þungu vatni, stuðlað að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að starfsemi sem varðar önnur málefni sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál, þ.m.t. þau sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tekið ákvörðun um.
4. I. og II. viðauki tekur ekki til vara og tækni sem er að finna á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins ⁽¹⁾ („Sameiginlega hergagnalistanum“).

3. gr.

1. Afla skal fyrirframheimildar þegar selja á, afhenda, tilfæra eða flytja út vörur og tækni, er um getur í III. viðauka, beint eða óbeint til íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða til notkunar í Íran, hvort sem vörurnar eða tæknin er upprunnin í Evrópusambandinu eður ei.
2. Lögbær stjórnvöld í því aðildarríki þar sem útflytjandinn hefur staðfestu skulu veita fyrrnefnda heimild vegna alls útflutnings sem heimildar er krafist fyrir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skal hún vera í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 428/2009. Heimildin gildir í gervöllu Evrópusambandinu.
3. III. viðauki skal taka til vara og tækni, annarra en þeirra sem I. og II. viðauki taka til, sem gætu stuðlað að starfsemi á sviði auðgunar, endurvinnslu eða framleiðslu á þungu vatni, að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að starfsemi sem varðar önnur málefni sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál.
4. Útflytjendur skulu veita viðkomandi lögbærum stjórnvöldum allar viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar vegna umsókna sinna um útflutningsleyfi.
5. Lögbær stjórnvöld skulu ekki heimila sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á vörum eða tækni, sem III. viðauki tekur til, ef þau hafa gilda ástæðu til að ákvarða að sala, afhending, tilfærsla eða útflutningur varanna eða tækninnar sé eða geti verið ætlaður til notkunar í tengslum við einhverja þá starfsemi sem hér greinir:
 - a) starfsemi Írana sem tengist auðgun, endurvinnslu eða þungu vatni,
 - b) að Íran þrói burðarkerfi fyrir kjarnavopn eða
 - c) að Íran stundi starfsemi sem tengist öðrum málefnum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál.
6. Viðkomandi lögbær stjórnvöld geta, eftir þeim skilyrðum er um getur í 5. mgr., ógilt útflutningsleyfi, sem þau hafa veitt, fellt þau tímabundið niður, breytt þeim eða afturkallað.
7. Neiti lögbært stjórnvald að veita heimild eða ógildi heimild, felli hana tímabundið niður, takmarki verulega eða afturkalli skv. 5. eða 6. mgr., skal viðkomandi aðildarríki tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það og deila upplýsingum, sem málið varða, með þeim, en jafnframt fylgja ákvæðum um upplýsingaleynd í reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97 frá 13. mars 1997 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu tolla- og landbúnaðarlaga ⁽²⁾.
8. Áður en aðildarríki veitir heimild skv. 5. mgr. vegna viðskipta, sem eru eins í meginatriðum og viðskipti sem gildandi neitun, sem annað aðildarríki eða önnur aðildarríki hafa gefið út skv. 6. og 7. mgr., á við um, skal það áður eiga samráð við það eða þau aðildarríki sem gáfu neitunina út. Ef hlutadeigandi aðildarríki ákveður, eftir að fyrrnefndu samráði er lokið, að veita heimild, skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það og veita allar viðeigandi upplýsingar í því skyni að útskýra ákvörðun sína.

4. gr.

Bannað er að kaupa, flytja inn eða flytja frá Íran, með beinum eða óbeinum hætti, þær vörur og þá tækni sem taldar eru upp í I. eða II. viðauka, hvort sem sá hlutur er um ræðir er upprunninn í Íran eður ei.

5. gr.

1. Lagt er bann við því:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 69, 18.3.2010, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 82, 22.3.1997, bls. 1.

- a) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, sem tengist þeim vörum og þeirri tækni sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista eða sem tengjast því að afhenda, framleiða, viðhalda og nota vörur, sem eru á þeim lista, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran,
 - b) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega ástoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist þeim vörum og tækni eru taldar upp í I. eða II. viðauka eða sem tengist því að afhenda, framleiða, viðhalda og nota vörur sem taldar eru upp I. eða II. viðauka, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran,
 - c) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð vegna þeirra vara og tækni sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista eða eru taldar upp í I. eða II. viðauka, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, í tengslum við að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út slíkar vörur og tækni eða að útvega tengda tæknilega ástoð, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran,
2. Að afhenda eftirfarandi er háð heimild hlutaðeigandi lögbærra stjórnvalda:
- a) tæknilega ástoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist vörum og tækni sem taldar eru upp í III. viðauka og því að afhenda, framleiða, viðhalda og nota þær, til handa írönskum einstaklingum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran, með beinum eða óbeinum hætti,
 - b) fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni, er um getur í III. viðauka, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, í tengslum við að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út slíkar vörur og tækni eða að útvega tengda tæknilega ástoð, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran, með beinum eða óbeinum hætti.
3. Lögbær stjórnvöld skulu ekki heimila þau viðskipti sem um getur í 2. mgr., hafi þau gilda ástæðu til að ákvarða að gjörningurinn stuðli að, eða kunni að vera til þess að stuðla að, einhverri þeirri starfsemi sem hér greinir:
- a) starfsemi Írana sem tengist auðgun, endurvinnslu eða þungu vatni,
 - b) að Íran þrói burðarkerfi fyrir kjarnavopn eða
 - c) að Íran stundi starfsemi sem tengist öðrum málefnum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál.

6. gr.

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 5. gr. gilda ekki um:

- a) beina eða óbeina tilfærslu vara, sem falla undir B-hluta I. viðauka, um yfirráðasvæði aðildarríkja, þegar þessar vörur eru seldar, afhentar, tilfærðar eða fluttar út til Írans, eða til notkunar í Íran, fyrir léttvatnaskljúfa í Íran sem hafist hefur verið handa við smíði á fyrir desember 2006,
- b) viðskipti í umboði tæknisamvinnuáætlunar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eða
- c) vörur sem eru afhentar eða tilfærðar eða eru til notkunar í Íran vegna skuldbindinga aðildarríkja að Parísarsamningnum um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra frá 13. janúar 1993.

7. gr.

1. Lögbær stjórnvöld geta, með fyrirvara um b-lið 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 359/2011, veitt heimild, eftir þeim skilyrðum og skilmálum sem þau telja við eiga, fyrir viðskiptum sem tengjast vörum og tækni, er um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, eða ástoð eða miðlunarþjónustu, er um getur í 1. mgr. 5. gr., að því tilskildu:

- a) að vörurnar og tæknin, ástoðin eða miðlunarþjónustan sé vegna matvæla, landbúnaðar, lækninga eða annarra mannúðarmála og
- b) að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi, í þeim tilvikum þegar viðskiptin varða vörur eða tækni á listum Kjarnbirgjahópsins eða Eftirlitskerfisins með flugskeytatækni, ákvarðað, fyrirfram og í hverju tilviki fyrir sig, að viðskiptin myndu augljóslega ekki stuðla að þróun tækni, sem myndi styðja við kjarnstarfsemi Írana sem aftur myndi ýta undir útbreiðslu kjarnorku, eða að þróun burðakerfa fyrir kjarnavopn.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, innan fjögurra vikna, um heimildir sem eru veittar samkvæmt þessari grein.

8. gr.

1. Bannað skal að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, undirstöðutækjabúnað eða -tækni, er um getur í VI. viðauka, til íranskra aðila, rekstrareininga eða stofnana eða til notkunar í Íran.

2. VI. viðauki skal taka til undirstöðutækjabúnaðar og -tækni fyrir eftirtalin grunnsvið olíu- og gasiðnaðar í Íran:
 - a) hráolíu- og jarðgassleit,
 - b) hráolíu- og jarðgassframleiðslu,
 - c) hreinsun,
 - d) þéttingu jarðgass.
3. VI. viðauki skal og taka til lykildbúnaðar og -tækni fyrir olíuefnaíðnaðinn í Íran.
4. VI. viðauki tekur ekki til þátta sem er að finna á Sameiginlega hergagnalistanum eða í I., II. eða III. viðauka.

9. gr.

Lagt er bann við því:

- a) að útvega írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu vegna undirstöðutækjabúnaðar og -tækni er um getur í VI. viðauka eða sem tengist úttegum, framleiðslu, viðhaldi og notkun vara sem eru taldar upp í VI. viðauka.
- b) að útvega írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, fjármagn eða fjárhagsaðstoð viðvíkjandi þeim undirstöðutækjabúnaði og -tækni er um getur í VI. viðauka.

10. gr.

Bönn þau er um getur í 8. og 9. gr. taka ekki til:

- a) viðskipta samkvæmt samningi varðandi lykildbúnað eða -tækni til hráolíu- og jarðgassleitar, framleiðslu á hráolíu og jarðgasi, hreinsun, þéttingu jarðgass, sem gerður er fyrir 27. október 2010, eða fylgisamninga, sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga, eða samkvæmt samningi eða samkomulagi sem gert er fyrir 26. júlí 2010 og sem tengist fjárfestingu í Íran, sem gerð er fyrir 26. júlí 2010, né skulu þau koma í veg fyrir framkvæmd skuldbindingar sem leiðir þar af eða
- b) viðskipta samkvæmt samningi varðandi lykildbúnað eða -tækni fyrir olíuefnaíðnaðinn, sem gerður er fyrir 24. mars 2012, eða fylgisamninga, sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga, eða samkvæmt samningi eða samkomulagi sem gert er fyrir 23. janúar 2012 og sem tengist fjárfestingu í Íran, sem gerð er fyrir 23. janúar 2012, né skulu þau koma í veg fyrir framkvæmd skuldbindingar sem leiðir þar af,

að því tilskildu að sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem leitast við að taka þátt í slíkum viðskiptum eða veitir aðstoð vegna slíkra viðskipta, hafi tilkynnt lögbæru stjórnvaldi þess aðildarríkis þar sem hann eða hún hefur staðfestu um viðskiptin eða aðstoðina með minnst 20 virkra daga fyrirvara.

11. gr.

1. Lagt er bann við því:
 - a) að flytja inn til Evrópusambandsins hráolíu eða jarðolíuafurðir ef þær:
 - i. eru upprunnar í Íran eða
 - ii. hafa verið fluttar út frá Íran,
 - b) að kaupa hráolíu eða jarðolíuafurðir sem eru staðsettar eða upprunnar í Íran,
 - c) að flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir ef þær eru upprunnar í Íran eða eru fluttar út frá Íran til einhvers annars lands og
 - d) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjárhagslegar afleiður og tryggingar og endurtryggingar, í tengslum við innflutning, kaup eða flutning hráolíu og jarðolíuafurða af írönskum uppruna eða sem hafa verið innfluttar frá Íran.
2. Hráolía og jarðolíuafurðir merkir þær vörur sem eru taldar upp í IV. viðauka,

12. gr.

1. Bönn þau er um getur í 11. gr. taka ekki til:
 - a) framkvæmdar viðskiptasamninga, fram til 1. júlí 2012, sem voru gerðir fyrir 23. janúar 2012 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga,
 - b) framkvæmdar samninga, sem voru gerðir fyrir 23. janúar 2012, eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga, ef í slíkum samningi er kveðið sérstaklega á um að afhending íranskrar hráolíu og jarðolíuafurða eða að ágóði af afhendingu þeirra sé endurgreiðsla útistandandi fjárhæða til aðila, rekstrareininga eða stofnana í lögsögu aðildarríkja,

c) innflutnings, kaupa eða flutnings á hráolíu eða jarðolíuafurðum, sem höfðu verið fluttar út frá Íran fyrir 23. janúar 2012 eða, hafi útflutningurinn farið fram skv. a-lið, hinn 1. júlí 2012 eða fyrir þann dag; eða hafi útflutningurinn farið fram skv. b-lið,

að því tilskildu að aðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin, sem sækist eftir því að framkvæma viðkomandi samning, hafi tilkynnt lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem hann eða hún hefur staðfestu, um starfsemina eða viðskiptin með minnst 20 virkra daga fyrirvara.

2. Bannið skv. d-lið 1. mgr. 11. gr. gildir ekki um beina eða óbeina veitingu ábyrgðatryggingar og umhverfisábyrgðatryggingar og endurtryggingar af hálfu þriðja aðila fram til 1. júlí 2012.

13. gr.

1. Lagt er bann við því:
 - a) að flytja inn til Evrópusambandsins olíuefnavörur ef þær:
 - i. eru upprunnin í Íran eða
 - ii. hafa verið fluttar út frá Íran,
 - b) að kaupa olíuefnavörur sem eru staðsettar eða upprunnar í Íran,
 - c) að flytja olíuefnavörur ef þær eru upprunnar í Íran eða eru fluttar út frá Íran til einhvers annars lands og
 - d) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjárhagslegar afleiður og tryggingar og endurtryggingar, sem tengist innflutningi, kaupum eða flutningi á jarðolíuefnavörum sem eru upprunnar í Íran eða hafa verið innfluttar frá Íran.
2. Jarðolíuefnavörur þær vörur sem eru taldar upp í V. viðauka.

14. gr.

1. Bönn þau er um getur í 13. gr. taka ekki til:
 - a) framkvæmdar viðskiptasamninga, fram til 1. maí 2012, sem voru gerðir fyrir 23. janúar 2012, eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga,
 - b) framkvæmdar samninga, sem voru gerðir fyrir 23. janúar 2012, eða fylgisamninga, þ.m.t. flutnings- og váttryggingasamningar, sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga, ef í samningi er kveðið sérstaklega á um að afhending olíuefnavara eða ágóði af afhendingu þeirra sé endurgreiðsla útistandandi fjárhæða til aðila, rekstrareininga eða stofnana í lögsögu aðildarríkja,
 - c) innflutnings, kaupa og flutnings á olíuefnavörum, sem höfðu verið fluttar út frá Íran fyrir 23. janúar 2012, eða, hafi útflutningurinn farið fram skv. b-lið, hinn 1. maí 2012 eða fyrir þann dag,

að því tilskildu að aðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin, sem leitast við að framkvæma viðkomandi samning, hafi tilkynnt lögbæru stjórnvaldi þess aðildarríkis þar sem hann eða hún hefur staðfestu um starfsemina eða viðskiptin eigi síðar en með 20 virkra daga fyrirvara.
2. Bannið skv. d-lið 1. mgr. 13. gr. gildir ekki um beina eða óbeina veitingu ábyrgðatryggingar og umhverfisábyrgðatryggingar og endurtryggingar af hálfu þriðja aðila fram til 1. maí 2012.

15. gr.

1. Lagt er bann við því:
 - a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út gull, eðalmálma og demanta, sbr. lista í VII. viðauka, hvort sem það eða þeir eru upprunnir í Evrópusambandinu eður ei, til ríkisstjórnar Írans, opinberra stofnana, fyrirtækja og umboðsskrifstofa hennar, aðila, rekstrareininga eða stofnana, sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða til rekstrareininga eða stofnana sem þau eiga eða stýra,
 - b) að kaupa, flytja inn eða flytja, með beinum eða óbeinum hætti, gull, eðalmálma og demanta, sbr. lista í VII. viðauka, hvort sem það eða þeir eru upprunnir í Íran eður ei, frá ríkisstjórn Írans, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og umboðsskrifstofum hennar og aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða frá rekstrareiningum eða stofnunum sem þau eiga eða stýra og
 - c) að láta ríkisstjórn Írans, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og umboðsskrifstofum hennar og aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða rekstrareiningum eða stofnunum, sem þau eiga eða stýra, í té, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagslega aðstoð sem tengist þeim vörum er um getur í a- og b-lið.
2. VII. viðauki tekur til gulls, eðalmálma og demanta sem þau bönn er um getur í 1. mgr. ná til.

16. gr.

Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, til eða til hagsbóta fyrir Seðlabanka Írans nýprentaða eða óútgefna íranska peningaseðla og slegna mynt.

III. KAFLI

TAKMARKANIR Á FJÁRMÖGNUN TILTEKINNA FYRIRTÆKJA

17. gr.

1. Lagt er bann við því:
 - a) að veita írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, er um getur í 2. mgr., fjárhagsleg lán eða gjaldfrest,
 - b) að eignast hlut eða auka hlut sinn í írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 2. mgr.,
 - c) að stofna til fyrirtækis um samrekstur með írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 2. mgr.
2. Bannið skv. 1. mgr. tekur til sérhvers írönsk aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem starfar við:
 - a) framleiðslu á vörum eða tækni sem talin er upp í Sameiginlega hergagnalistaum eða í I. eða II. viðauka,
 - b) leit að eða framleiðslu á hráolíu og jarðgasi, hreinsun eldsneytis eða þéttingu jarðgass eða
 - c) olíuefnaíðnaðinn.
3. Í b- og c-lið 2. mgr. eingöngu er merking eftirfarandi hugtaka sem hér greinir:
 - a) „hráolíu- og jarðgassleit“ tekur til leitar, könnunar á hugsanlegri vinnslu og stjórnunar jarðolíu- og jarðgassforða og til þjónustu á sviði jarðfræði í tengslum við slíkan forða,
 - b) „framleiðsla jarðolíu og jarðgass“ tekur til flutningsþjónustu gass í lausu máli vegna gegnumflutnings eða afhendingar til beintengdra dreifikerfa,
 - c) „hreinsun“ merkir vinnslu, formeðhöndlun eða undirbúning fyrir endanlega eldsneytissölu,
 - d) „olíuefnaíðnaður“ merkir framleiðslustöðvar fyrir framleiðslu þeirra vara er um getur í V. viðauka.
4. Bannað er að efna til samstarfs við írönskan aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem stundar flutning á jarðgasi sbr. b-lið 3. mgr.
5. Í 4. mgr. hefur „samstarf“ þá merkingu sem hér greinir:
 - a) þátttaka í kostnaði vegna fjárfestingar í samvinnuáðri eða stýrðri birgðakeðju vegna viðtöku eða afhendingar jarðgass beint frá eða til írönsk yfirráðasvæðis og
 - b) beint samstarf vegna fjárfestingar í starfsstöð fyrir fljótandi jarðgas á írönsku yfirráðasvæði eða starfsstöð fyrir fljótandi jarðgas sem er beintengd þeirri fyrrnefndu.

18. gr.

1. Að stofna til fjárfestingar, með viðskiptum er um getur í 1. mgr. 17. gr., í írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem framleiðir vörur eða tækni, er um getur í III. viðauka, skal háð heimild hlutaðeigandi lögbærs stjórnvalds.
2. Lögbær stjórnvöld skulu ekki heimila þau viðskipti sem um getur í 1. mgr., hafi þau gilda ástæðu til að ákvarða að gjörningurinn stuðli að, eða kunni að vera til þess að stuðla að, einhverri þeirri starfsemi sem hér greinir:
 - a) starfsemi Írana sem tengist auðgun, endurvinnslu eða þungu vatni,
 - b) að Íran þrói burðarkerfi fyrir kjarnavopn eða
 - c) að Íran stundi starfsemi sem tengist öðrum málefnum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál.

19. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 17. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, eftir þeim skilmálum og skilyrðum sem þau telja við hæfi, að stofnað verði til fjárfestingar með viðskiptum sem um getur í 1. mgr. 17. gr., að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
 - a) fjárfestingin sé vegna matvæla, landbúnaðar, lækninga eða annarra mannúðarmála og
 - b) í þeim tilvikum þar sem stofnað er til fjárfestingar í írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem framleiðir vörur eða tækni sem er að finna á listum Kjarnbirgjahópsins og Eftirlitskerfisins með flugskeytatækni, hafi framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákvarðað, fyrirfram og í hverju tilviki fyrir sig, að viðskiptin myndu augljóslega ekki stuðla að þróun tækni, sem myndi styðja við

kjarnstarfsemi Írana sem aftur myndi ýta undir útbreiðslu kjarnorku, eða að þróun burðakerfa fyrir kjarnavopn.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, innan fjögurra vikna, um heimildir veittar samkvæmt þessari grein.

20. gr.

Ákvæði b-liðar 2. mgr. 17. gr. gilda ekki í þeim tilvikum þegar fjárhagslegt lán er veitt eða gjaldfrestur, eða þegar hlutar er aflað eða hann aukinn, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) viðskiptin séu nauðsynleg vegna samkomulags eða samnings sem er gerður fyrir 26. júlí 2010 og
- b) viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi verið upplýst um málið minnst 20 virkum dögum áður en fyrrnefnt samkomulag eða samningur er gerður.

21. gr.

Ákvæði c-liðar 2. mgr. 17. gr. gilda ekki í þeim tilvikum þegar fjárhagslegt lán er veitt eða gjaldfrestur, eða þegar hlutar er aflað eða hann aukinn, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) viðskiptin séu nauðsynleg vegna samkomulags eða samnings sem er gerður fyrir 23. janúar 2012 og
- b) viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi verið upplýst um málið minnst 20 virkum dögum áður en fyrrnefnt samkomulag eða samningur er gerður.

22. gr.

Lagt er bann við því að fallast á eða samþykka, með samningsgerð eða öðrum hætti, að einn eða fleiri íranskir aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir veiti fjárhagslegt lán eða gjaldfrest eða eignist hlut eða auki hlut sinn í, eða stofni til fyrirtækis um samrekstur í tengslum við, fyrirtæki sem stundar einhverja þá starfsemi sem hér um getur:

- a) úrannám,
- b) auðgun úrans og endurvinnslu úrans,
- c) framleiðslu vara eða tækni sem er að finna á listum Kjarnbirgjahópsins eða Eftirlitskerfisins með flugskeytataekni.

IV. KAFLI

FRYSTING FJÁRMUNA OG EFNAHAGSLEGS AUÐS

23. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila, rekstrareininga og stofnana er um getur í VIII. viðauka. VIII. viðauki tekur til þeirra aðila, rekstrareininga og stofnana sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreinir í samræmi við ákvæði 12. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), 7. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1803 (2008) eða 11., 12. eða 19. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1929 (2010).

2. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila, rekstrareininga og stofnana er um getur í IX. viðauka. IX. viðauki skal taka til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem tiltekið hefur verið, sbr. b- og c-lið 1. mgr. 20. gr. ákvörðunar ráðsins 2010/413/SSUÖ, að:

- a) taki þátt í, tengist beint eða styðji við kjarnstarfsemi Írana, sem aftur myndi ýta undir útbreiðslu kjarnorku, eða við þróun Írana á burðarkerfum fyrir kjarnavopn, m.a. með þátttöku í kaupum á bönnuðum vörum og tækni, eða séu í eigu eða lúti stjórn slíks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, m.a. eftir ólöglegum leiðum, eða starfi á vegum þeirra eða eftir fyrirætlum þeirra,
- b) séu einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem hafi aðstoðað aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem færð hefur verið á lista, við að sniðganga eða brjóta ákvæði reglugerðar þessarar, ákvörðunar ráðsins 2010/413/SSUÖ eða ályktana öryggisráðs SP nr. 1737 (2006), 1747 (2007), 1803 (2008) og 1929 (2010),
- c) séu meðlimur Íslamska byltingarvarðarins (Islamic Revolutionary Guard Corps) eða lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem er í eigu eða lýtur stjórn Íslamska byltingarvarðarins eða eins eða fleiri meðlima hans eða einstaklinga eða lögaðila sem koma fram fyrir þeirra hönd,
- d) séu aðrir aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem veiti ríkisstjórn Írans stuðning, t.d. efnislegan stuðning, stuðning sem lýtur að skipulagningu á aðráttum, viðhaldi og flutningi eða fjárstuðning, og aðilar og rekstrareiningar sem tengjast þeim,
- e) séu lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem er í eigu eða lýtur stjórn Skipafélags Íslamska lýðveldisins Írans (IRISL) eða sem kemur fram fyrir þess hönd.

Bannað er, samkvæmt þeirri skyldu að frysta fjármuni og efnahagslegan auð IRISL og tilgreindra rekstrareininga sem eru í eigu eða lúta stjórn IRISL, að lesta og afferma skip, sem eru í eigu IRISL eða fyrrnefndra rekstrareininga eða sem það eða þær hafa á leigu, í höfnum aðildarríkjanna.

Sú skylda að frysta fjármuni og efnahagslegan auð IRISL og tilgreindra rekstrareininga, sem eru í eigu eða lúta stjórn IRISL, þýðir hvorki að gera skuli skip, sem eru í eigu fyrrnefndra rekstrareininga, upptæk eða þann farm sem þau flytja, svo fremi slikur farmur tilheyri þriðju aðilum, né að kyrrsetja beri áhafnir sem eru samningsbundnar þessum rekstrareiningum.

3. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal vera aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum er um getur í VIII. og IX. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti.

4. Bannað er, með fyrirvara um þær undanþágur sem kveðið er á um í 24., 25., 26., 27., 28. eða 29. gr., að veita sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála, sem er notuð til þess að skiptast á fjármálagögnum við þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á lista í VIII. og IX. viðauka.

5. Í VIII. og IX. viðauka skal tilgreina ástæður þess að skráðir aðilar, rekstrareiningar og stofnanir eru færð á lista, eins og öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir skipa til um.

6. Í VIII. og IX. viðauka komi einnig fram nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til þess að unnt sé að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, þ.e. þær upplýsingar sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir leggur fram. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið, m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Að því er varðar flugrekendur og skipafélög skulu VIII. og IX. viðauki einnig innihalda nauðsynlegar upplýsingar, liggi þær fyrir, til þess að unnt sé að bera kennsl á sérhvert skip eða loftfar, sem er í eigu félags á lista, eins og upphaflegt skráningarnúmer eða heiti. Í VIII. og IX. viðauka komi og fram dagsetning tilgreiningar á lista.

24. gr.

Lögbær stjórnvöld geta heimilað, þrátt fyrir ákvæði 23. gr., að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag veðs af hálfu dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, þ.e. veðs sem var staðfest fyrir þann dag er sá aðili, rekstrareining eða stofnun er um getur í 23. gr. var tilgreind af hálfu framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, öryggisráðsins eða ráðherraráðsins eða þeir eða hann sé andlag dómsuppkvaðningar eða úrskurðar stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms fyrir þann dag,
- b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndum dómi eða úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slikar kröfur kveða á um,
- c) veðið, dómsuppkvaðningin eða úrskurðurinn sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á lista í VIII. eða IX. viðauka,
- d) viðurkenning veðsins, dómsuppkvaðningarinnar eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki og
- e) í þeim tilvikum þegar ákvæði 1. mgr. 23. gr. gilda hafi viðkomandi aðildarríki tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið eða dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. og að því tilskildu að greiðsla aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, er um getur í VII. eða VIII. viðauka, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi aðili, rekstrareining eða stofnun gerði, eða samkvæmt skyldu sem honum eða henni bar að sinna, fyrir þann dag þegar aðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin var tilgreind af hálfu framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, öryggisráðsins eða af hálfu ráðherraráðsins, geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði látinn laus, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að því að:
 - i. fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði notaður sem greiðsla af hálfu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í VIII. eða IX. viðauka,
 - ii. greiðslan muni ekki stuðla að starfsemi sem er bönnuð samkvæmt reglugerð þessari og
 - iii. greiðslan sé ekki brot á ákvæði 3. mgr. 23. gr. og

- b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi, eigi ákvæði 1. mgr. 23. gr. við, tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um fyrrnefnda niðurstöðu og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan tíu virkra daga frá tilkynningu þar um.

26. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, eftir þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði látinn laus eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að því að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:
- i. nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir aðila er um getur í VIII. eða XI. viðauka og fjölskyldu-meðlíma á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur fyrir matvæli og greiðsla húsaleigu eða veðlána, greiðslur fyrir lyf og lækni meðferð, greiðslur vegna skattheimtu og greiðslur iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
 - ii. eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðiþjónustu og standa undir útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu eða
 - iii. eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs og
- b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi, varði heimildin aðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í VIII. viðauka, tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá niðurstöðu er um getur í a-lið og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga frá tilkynningu þar um.

2. Lögbær stjórnvöld geta heimilað, þrátt fyrir ákvæði 23. gr., að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði látinn laus eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda eða greiðslu fyrir vörur eða tilfærslu á vörum, þegar þær eru keyptar vegna léttvatnaskljúfs í Íran og smíði hans hefur hafist fyrir desember 2006, eða nauðsynlegur vegna vara í þeim tilgangi er um getur í b- og c-lið 6. gr., að því tilskildu, varði heimildin aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á lista í VIII. viðauka, að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um niðurstöðuna og að framkvæmdanefndin hafi samþykkt hana.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 23. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, eftir þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði látinn laus eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur í opinberum tilgangi af hálfu sendiráða eða ræðisstofa eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.

28. gr.

Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. 23. gr. geta lögbær stjórnvöld einnig heimilað, eftir þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi:

- a) að tilteknir fjármunir séu gerðir aðgengilegir Seðlabanka Írans, eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir séu nauðsynlegir vegna framkvæmdar samnings, er um getur í 12. gr., fram til 1. júlí 2012,
- b) að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður Seðlabanka Írans verði látinn laus eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur Seðlabanka Írans, eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur til þess að útvega lána- eða fjármálastofnunum lausafé til þess að fjármagna viðskipti eða veita þjónustu vegna viðskiptalána eða
- c) að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður í vörslu Seðlabanka Írans eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur Seðlabanka Írans, eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu, í hverju tilviki fyrir sig, að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur í tengslum við tiltekinn viðskiptasamning, annan en samninga er um getur í a-lið, þ.e. viðskiptasamning sem í framkvæmd kann að varða Seðlabanka Írans, að því tilskildu að greiðslan muni ekki stuðla að starfsemi sem er bönnuð samkvæmt reglugerð þessari,

að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína að veita heimild, eigi síðar en tíu virkum dögum áður en hún er veitt.

29. gr.

1. Ákvæði 3. mgr. 23. gr. kemur ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir leggi fé inn á frysta reikninga, veiti þær viðtöku fjármunum sem eru millifærðir á reikning einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á lista, að því tilskildu að viðbótarinnlagnir á slíka reikninga verði einnig frystar. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.
2. Ákvæði 23. mgr. 3. gr. gildir ekki um viðbætur eftirtalinnna fjármuna við frysta reikninga:
 - a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum eða
 - b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir, öryggisráðið eða ráðherraráðið tilgreindi viðkomandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 23. gr.,
 að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. eða 2. mgr. 23. gr.
3. Eigi ber að túlka ákvæði þessarar greinar þannig að millifærslur fjármuna, er um getur í 30. gr., séu heimilær.

V. KAFLI

TAKMARKANIR Á MILLIFÆRSLUM FJÁRMUNA OG FJÁRMÁLAPJÓNUSTU

30. gr.

1. Millifærslur fjármuna til og frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun skulu fara fram með eftirfarandi hætti:
 - a) millifærslur vegna viðskipta í tengslum við matvæli, heilsugæslu, lækningatæki eða í mannúðarskygni skal framkvæma án heimildar fyrirfram. Tilkynna skal lögbærum stjórnvöldum fyrirfram og skriflega um millifærsluna ef hún er yfir 10.000 evrum eða jafngildir þeirri fjárhæð,
 - b) allar aðrar millifærslur undir 40.000 evrum skal framkvæma án heimildar fyrirfram. Tilkynna skal lögbærum stjórnvöldum fyrirfram og skriflega um millifærsluna ef hún er yfir 10.000 evrum eða jafngildir þeirri fjárhæð,
 - c) Gerð er krafa um fyrirframheimild viðkomandi lögbærra stjórnvalda fyrir öllum öðrum millifærslum yfir 40.000 evrum eða millifærslum sem jafngilda þeirri fjárhæð.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda án tillits til þess hvort viðkomandi millifærsla fjármuna fer fram í einu lagi eða með nokkrum aðgerðum sem virðast tengdar. Að því er varðar þessa grein á „aðgerðir sem virðast tengdar“ við um:
 - i. röð millifærslna, sem eru framkvæmdar hver á eftir annarri, frá eða til sama íranska aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, þ.e. röð millifærslna sem er vegna einnar skuldbindingar um millifærslu fjármuna, þegar stakar millifærslur eru hver og ein innan þeirra marka sem sett eru fram í 1. mgr., en samanlagt ná þeim viðmiðunarmörkum sem krefjast tilkynningar eða heimildar eða
 - ii. röð millifærslna, þar sem ýmsar greiðslumiðlanir eða ýmsir einstaklingar eða lögaðilar koma við sögu, sem tengjast einni skuldbindingu um að millifæra fjármuni.
3. Tilkynningar og beiðnir um heimild í tengslum við millifærslu fjármuna skal framkvæma með eftirfarandi hætti:
 - a) Ef um ræðir rafrænar millifærslur fjármuna, sem lána- eða fjármálastofnanir framkvæma, skal fara með tilkynningar eða beiðnir um heimild, sem tengjast millifærslu fjármuna, sem hér greinir:
 - i. Greiðslumiðlun greiðanda skal senda lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins, þar sem upphafleg fyrirmæli um framkvæmd millifærslunnar eru gefin, tilkynningar og beiðnir um heimild, sem tengist millifærslu fjármuna til írands aðila, rekstrareiningar eða stofnunar utan Evrópusambandsins, eða skal það gert fyrir hennar hönd.
 - ii. Greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu skal senda lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins, þar sem viðtakandi greiðslu hefur staðfestu eða greiðslumiðlunin er staðsett, tilkynningar og beiðnir um heimild, sem tengist millifærslu fjármuna frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun utan Evrópusambandsins, eða skal það gert fyrir hennar hönd.
 - iii. Ef greiðslumiðlun greiðanda eða viðtakanda greiðslu fellur ekki undir gildissvið 49. gr. skal greiðandi, ef um ræðir millifærslu til írands aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða viðtakandi greiðslu, ef um ræðir millifærslu frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, senda tilkynningar og beiðnir um heimild til lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu hefur staðfestu, eftir því sem við á.
 - iv. Greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu skal senda lögbærum stjórnvöldum aðildarríkjanna, þar sem viðtakandi greiðslu hefur staðfestu eða greiðslumiðlunin er staðsett, tilkynningar og beiðnir um heimild, sem tengist millifærslu fjármuna til írands aðila, rekstrareiningar eða stofnunar innan Evrópusambandsins, eða það skal gert fyrir hennar hönd.

- v. Greiðslumiðlun greiðanda skal senda lögbærum stjórnvöldum aðildarríkjanna, þar sem upphafleg fyriræmi um framkvæmd millifærslunnar eru gefin, tilkynningar og beiðnir um heimild, sem tengist millifærslu fjármuna frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun innan Evrópu-sambandsins, eða það skal gert fyrir hennar hönd.
 - vi. Í tengslum við millifærslu fjármuna til eða frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, þar sem hvorki greiðandi, viðtakandi greiðslu né viðkomandi greiðslumiðlun fellur undir gildissvið 49. gr. en greiðslumiðlun, sem fellur undir gildissvið þeirrar greinar, hefur milligöngu um millifærsluna, skal sú greiðslumiðlun uppfylla skylduna um að tilkynna eða biðja um heimild, eftir því sem við á, ef hún veit, eða hefur gilda ástæðu til að halda, að millifærslan sé til eða frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun. Ef um ræðir fleiri en eina greiðslumiðlun, sem hefur milligöngu um yfirfærsluna, er þess eingöngu krafist að fyrsta greiðslumiðlunin, sem framkvæmir millifærsluna, uppfylli skylduna um að tilkynna eða biðja um heimild, eftir því sem við á. Tilkynning eða beiðni um heimild skal send lögbærum stjórnvöldum þess aðildarríkis þar sem greiðslumiðlun hefur staðfestu.
 - vii. Ef um ræðir fleiri en eina greiðslumiðlun í röð tengdra millifærslna fjármuna skal millifærslum innan Evrópusambandsins fylgja tilvísun í þá heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein.
- b) Ef um ræðir millifærslur fjármuna, sem framkvæmdar eru með órafrænum hætti, skal tilkynna eða biðja um heimild til að millifæra fjármuni eins og hér greinir:
- i. Greiðandi skal senda tilkynningar og beiðnir um heimild í tengslum við millifærslur til íranskra aðila, rekstrareininga eða stofnana til viðkomandi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem greiðandinn hefur búsetu.
 - ii. Viðtakandi greiðslu skal senda tilkynningar og beiðnir um heimild í tengslum við millifærslur frá írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum til viðkomandi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem viðtakandi greiðslu hefur búsetu.

4. Að því er varðar ákvæði c-liðar 1. gr. skulu lögbær stjórnvöld veita, samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem þau telja við hæfi, heimild fyrir millifærslu fjármuna að fjárhæð 40.000 evrur eða þar yfir, nema þau hafi réttmæta ástæðu til að ætla að sú millifærsla fjármuna, sem heimildin varðar, myndi brjóta gegn einhverjum þeim bönnum eða skyldum er um getur í reglugerð þessari.

Lögbæru stjórnvaldi er heimilt að leggja á gjald fyrir að meta beiðni um heimild.

Heimild skal talin hafa verið veitt hafi lögbært stjórnvald veitt skriflegri beiðni um heimild viðtöku og ekki andmælt umbeðinni millifærslu fjármuna skriflega innan fjögurra vikna. Sé andmælum hreyft vegna yfirstandandi athugunar skal viðkomandi lögbært stjórnvald lýsa því yfir og tilkynna ákvörðun sína án tafar. Lögbær stjórnvöld skulu fá aðgang tímanlega, með beinum eða óbeinum hætti, að upplýsingum sem varða fjármál, stjórnsýslu og framfylgd laga og eru nauðsynlegar vegna rannsóknarinnar.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem neitað er um.

5. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki hafi heimild verið veitt skv. 24., 25., 26., 27. eða 28. gr.

6. Aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem eingöngu umbreyta pappírsskjölum í rafræn gögn og sem starfa samkvæmt samningi við lánastofnun eða fjármálastofnun, falla ekki undir gildissvið þessarar greinar, né heldur einstaklingar, lögaðilar, rekstraraðilar eða stofnanir sem eingöngu láta lána- eða fjármálastofnunum í té boðkerfi eða annað stoðkerfi vegna yfirfærslu fjármuna eða greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi.

31. gr.

1. Útibú og dótturfélög lána- og fjármálastofnana, sem hafa heimilisfesti í Íran og falla undir gildissvið 49. gr., skulu tilkynna lögbæru stjórnvaldi þess aðildarríkis þar sem þau hafa staðfestu um allar millifærslur fjármuna, sem þau framkvæma eða veita viðtöku, um heiti viðkomandi aðila og fjárhæð og dagsetningu viðskiptanna, innan fimm virkra daga eftir að sú millifærsla fjármuna er um ræðir er framkvæmd eða eftir að henni er veitt viðtaka. Séu upplýsingar tiltækar skal tilgreina í tilkynningunni um hvers kyns viðskipti er að ræða og, eftir því sem við á, hvers kyns vörur viðskiptin varða og tilgreina sérstaklega hvort vörurnar falli undir gildissvið I., II., III., IV., V., VI., eða VII. viðauka við reglugerð þessa og, ef útflutningur þeirra er háður leyfi, gefa upp númer þess leyfis sem var veitt.

2. Önnur lögbær stjórnvöld, sem fá tilkynningu, skulu, með fyrirvara um og í samræmi við gildandi fyrirkomulag upplýsingaskipta, senda fyrirnefnd gögn, án tafar og eftir því sem nauðsyn krefur, lögbærum stjórnvöldum annarra aðildarríkja, þar sem gagnaðilarnir í fyrirnefndum viðskiptum hafa staðfestu, í því skyni að koma í veg fyrir viðskipti sem gætu stuðlað að útbreiðslunæmri kjarnstarfsemi eða að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn.

32. gr.

1. Lána- og fjármálastofnanir skulu, þegar þær framkvæma aðgerðir sínar í samvinnu við rekstrareiningar er um getur í 2. mgr. og í því skyni að koma í veg fyrir brot á ákvæðum reglugerðar þessarar, viðhafa aukna árvekni sem hér greinir:

- a) sýna stöðugt árvekni vegna hreyfinga á reikningum, einkum fyrir tilverknað áætlana sinna um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna,
- b) gera kröfu um að allir upplýsingareitir í greiðslufyrirmælum, sem varða sendanda og viðtakanda í þeim viðskiptum sem um ræðir, séu útfylltir og hafna viðskiptunum séu upplýsingarnar ekki veittar,
- c) varðveita öll skráð gögn um viðskipti í fimm ár og veita innlendum stjórnvöldum aðgang að þeim sé þess óskað,
- d) hafi þær gilda ástæðu til að ætla að aðgerðir í samvinnu við lána- og fjármálastofnanir kunni að brjóta gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, tilkynna peningaþvættisskrifstofunni (FIU) eða öðru lögbæru stjórnvaldi, sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilgreint, án tafar um grun sinn, samanber þó ákvæði 5. og 23. gr. Peningaþvættisskrifstofan eða annað sambærilegt lögbært stjórnvald skal gegna hlutverki innlendirar miðstöðvar sem tekur við og kannar tilkynningar um grunnsamleg viðskipti sem varða hugsanleg brot á ákvæðum reglugerðar þessarar. Peningaþvættisskrifstofan eða annað sambærilegt lögbært stjórnvald skal hafa tímanlega aðgang, með beinum eða óbeinum hætti, að fjármálaupplýsingum og stjórnsýslu- og löggæsluupplýsingum, sem henni eða því eru nauðsynlegar til þess að geta sinnt þessu verkefni á réttan hátt, þ.m.t. að könnunum á tilkynningum um grunnsamleg viðskipti.

2. Þær aðgerðir sem lýst er í 1. mgr. gilda um starfsemi sem lána- og fjármálastofnanir stunda í samvinnu við:

- a) gjaldeyrismiðlanir, lána- og fjármálastofnanir með heimilisfesti í Íran,
- b) útibú og dótturfélög, sem falla undir gildissvið 49. gr., lána- og fjármálastofnanir og gjaldeyrismiðlanir með heimilisfesti í Íran,
- c) útibú og dótturfélög, sem falla ekki undir gildissvið 49. gr., lána- og fjármálastofnana og gjaldeyrismiðlana með heimilisfesti í Íran og
- d) gjaldeyrismiðlanir og lána- og fjármálastofnanir sem hafa ekki heimilisfest í Íran en lúta stjórn aðila og rekstrareininga með heimilisfesti í Íran.

33. gr.

1. Lána- og fjármálastofnunum, sem falla undir gildissvið 49. gr., er óheimilt að aðhafast eftirfarandi:

- a) að opna nýjan bankareikning hjá lána- eða fjármálastofnun með heimilisfesti í Íran eða hjá lána- eða fjármálastofnun er um getur í 2. mgr. 32. gr.,
- b) að koma á nýjum samsvarandi bankaviðskiptatengslum hjá lána- eða fjármálastofnun með heimilisfesti í Íran eða hjá lána- eða fjármálastofnun er um getur í 2. mgr. 32. gr.,
- c) að opna nýja umboðsskrifstofu í Íran eða koma á fót nýju útibúi eða dótturfélagi í Íran,
- d) að stofna nýtt fyrirtæki um samrekstur með lána- eða fjármálastofnun með heimilisfesti í Íran eða með lána- eða fjármálastofnun er um getur í 2. mgr. 32. gr.

2. Lagt er bann við því:

- a) að heimila að opnuð sé umboðsskrifstofa eða að stofnað verði í Evrópusambandinu útibú eða dótturfélag lána- eða fjármálastofnunar með heimilisfesti í Íran eða lána- eða fjármálastofnunar er um getur í 2. mgr. 32. gr.,
- b) að gera samninga fyrir eða fyrir hönd lána- eða fjármálastofnunar með heimilisfesti í Íran eða fyrir eða fyrir hönd lána- eða fjármálastofnunar, er um getur í 2. mgr. 32. gr., um opnun umboðsskrifstofu eða stofnun útibús eða dótturfélags í Evrópusambandinu,
- c) að veita umboðsskrifstofu, útibúi eða dótturfélagi lána- eða fjármálastofnunar með heimilisfesti í Íran eða lána- eða fjármálastofnun, er um getur í 2. mgr. 32. gr., heimild til að hefja og stunda starfsemi sem lánastofnun eða aðra starfsemi, þar sem krafist er fyrirframheimildar, hafi umboðsskrifstofan, útibúið eða dótturfélagið ekki verið starfrækt fyrir 26. júlí 2010,
- d) að lána- eða fjármálastofnun, er um getur í 2. mgr. 32. gr., eignist hlut eða auki hlutdeild sína, eða öðlist eignarhlut af öðru tagi, í lána- eða fjármálastofnun sem fellur undir gildissvið 49. gr.

34. gr.

Lagt er bann við því:

- a) að selja eftirtöldum aðilum eða kaupa af þeim, með beinum eða óbeinum hætti, skuldabréf hins opinbera, eða skuldabréf sem hið opinbera tryggir, sem eru gefin út eftir 26. júlí 2010:
 - i. Íran eða ríkisstjórn Írans og opinberum stofnunum, fyrirtækjum og umboðsskrifstofum Írans,

- ii. lána- eða fjármálastofnun með heimilisfesti í Íran eða lána- eða fjármálastofnun er um getur í 2. mgr. 32. gr.,
 - iii. einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í i. eða ii. undirlið,
 - iv. lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er í eigu eða lýtur stjórn aðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í i., ii. eða iii. undirlið,
- b) að veita aðila, rekstrareiningu eða stofnun, er um getur í a-lið, miðlunarþjónustu viðvíkjandi skuldabréfum hins opinbera, eða skuldabréfum sem hið opinbera tryggir, sem eru gefin út eftir 26. júlí 2010,
- c) að aðstoða aðila, rekstrareiningu eða stofnun, er um getur í a-lið, í því skyni að gefa út skuldabréf hins opinbera, eða skuldabréf sem hið opinbera tryggir, með því að veita miðlunarþjónustu, auglýsa eða veita aðra þjónustu viðvíkjandi þess konar skuldabréfum.

35. gr.

1. Lagt er bann við því að láta eftirtöldum aðilum í té váttryggingu eða endurtryggingu eða að hafa milligöngu um að þeim sé látin í té trygging eða endurtrygging:
- a) Íran eða ríkisstjórn Írans og opinberum stofnunum, fyrirtækjum og umboðsskrifstofum Írans,
 - b) írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem ekki er einstaklingur eða
 - c) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun þegar hann eða hún kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í a- eða b-lið.
2. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. gilda ekki um að láta írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með heimilisfesti í Evrópusambandinu í té skylduváttryggingar, ábyrgðartryggingar eða endurtryggingar, eða að hafa milligöngu um slíkar tryggingar þeim til handa, eða um að láta írönskum sendiráðum eða ræðisstofum í Evrópusambandinu í té tryggingar.
3. Ákvæði c-liðar 1. mgr. gilda ekki um að láta einstaklingum sem einkaaðilum, að undanskildum aðilum sem eru á lista í VII. og IX. viðauka, í té tryggingar, þ.m.t. sjúkra- og ferðatryggingar eða endurtryggingar, eða að hafa milligöngu um slíkar tryggingar þeim til handa.
- Ákvæði c-liðar 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að eiganda skips, loftfars eða ökutækis, sem aðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í a- eða b-lið 1. mgr., hefur á leigu, sé séð fyrir tryggingum eða endurtryggingum eða að höfð sé milliganga um slíkar tryggingar honum til handa.
- Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal eigi litið svo á að aðili, rekstrareining eða stofnun starfi eftir fyrirmælum aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, er um getur í a- og b-lið 1. mgr., varði fyrirmælin komu til hafnar eða lendingu eða lestun eða affermingu skips eða loftfars, sem um stundarsakir er statt í íranskri landhelgi eða loftrými, eða örugga gegnumferð þeirra.
4. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er bannað að framlengja eða endurnýja tryggingar- og endurtryggingarsamninga, sem eru gerðir fyrir 27. október 2010, en, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 23. gr., er ekki bannað að uppfylla ákvæði samninga sem eru gerðir fyrir þann dag.

VI. KAFLI

TAKMARKANIR Á FLUTNINGUM

36. gr.

1. Til þess að koma í veg fyrir tilfærslu vara og tækni, sem hinn sameiginlegi hergagnalisti Evrópusambandsins tekur til og bannað er að afhenda, selja, tilflytja, flytja út eða flytja inn samkvæmt reglugerð þessari, gildir, auk reglnanna um þá skyldu að veita upplýsingar fyrir komu og brottför, samanber viðeigandi ákvæði um yfirlitsskýrslur við innkomu og burtflutning og um tollskýrslur, sem er að finna í reglugerð (EBE) nr. 2913/92 ⁽¹⁾ og reglugerð (EBE) nr. 2454/93 ⁽²⁾, að aðilinn, sem veitir þær upplýsingar er um getur í 2. mgr. þessarar greinar, greini frá því hvort hinn sameiginlegi hergagnalisti Evrópusambandsins eða reglugerð þessi taki til varanna og, sé útflutningur þeirra leyfisskyldur, tilgreini nánar einstök atriði í því útflutningsleyfi sem veitt er.
2. Senda skal þau viðbótaratriði sem krafist er og um getur í þessari grein, annaðhvort skriflega eða með því að notast við tollskýrslur, eftir því sem við á.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

37. gr.

1. Lagt er bann við því að veita skipum í beinni eða óbeinni eigu íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða skipum, sem hann eða hún ræður yfir beint eða óbeint, þjónustu sem tengist eldsneytistöku eða aðföngum skipa eða aðra þjónustu við skip, hafi veitendur þjónustunnar undir höndum upplýsingar, m.a. frá til þess bærnum tollyfirvöldum, byggðar á þeim upplýsingum fyrir komu eða brottför er um getur í 36. gr., sem gefa gilda ástæðu til að segja til um að skipin flytji vörur, sem eru á sameiginlega hergagnalistanum, eða vörur, sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, nema nauðsynlegt sé að veita slíka þjónustu vegna mannúðar- og öryggissjónarmiða.

2. Lagt er bann við því að veita loftförum til farmflutninga í beinni eða óbeinni eigu íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða slíkum loftförum, sem hann eða hún ræður yfir beint eða óbeint, verkfræði- eða viðhaldsþjónustu, hafi veitendur þjónustunnar undir höndum upplýsingar, m.a. frá til þess bærnum tollyfirvöldum, byggðar á þeim upplýsingum fyrir komu eða brottför er um getur í 36. gr., sem gefa gilda ástæðu til að segja til um að fyrrnefnd loftför flytji vörur, sem eru á sameiginlega hergagnalistanum, eða vörur, sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, nema nauðsynlegt sé að veita slíka þjónustu vegna mannúðar- og öryggissjónarmiða.

3. Þau bönn er um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda uns farmurinn hefur verið skoðaður og, ef nauðsyn krefur, hald hefur verið lagt á hann eða honum ráðstafað, eftir atvikum.

